



kjarninn

11. útgáfa – 31. október – vika 44

Tónlist er íslensk Stóriðja

Tvöfalt fleiri erlendir gestir á Iceland Airwaves en fyrir þremur árum

Tónlistin haft mikil efnahagsleg áhrif, segir framkvæmdastjóri Icelandair

Yfir 35 milljónir hafa horft á tónlistarmyndböndin frá Kex á samfélagsmiðlum




Engar áhyggjur

Gulu hnapparnir virka kannski ekki í vefútgáfu Kjarnans. Þeir eru hannaðir fyrir iPad og virka sumir bara þar...

Upplifðu Kjarnann í sínum náttúrulegu heimkynnum í iPad.

Efnisyfirlit

11. útgáfa
31. október 2013
vika 44



RÚSSLAND

Mennirnir sem ráða Rússlandi

ÁLIT

„Það var ekki fyrr en ég hitti Jón Gnarr í fyrsta skiptið, í stofu á Fálkagötunni í janúar 2010, að mér fannst einhver sjá heiminn með sömu augum og ég.“

Kristín Heiða Helgadóttir, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar



DÓMSMÁL

Tilkynning dregur dilk á eftir sér



FJÁRMÁL

Ráðstafaði hagnaði eftir niðurfellingu



AIRWAVES

Mikil efnahagsleg áhrif Airwaves



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Birgir Hólm Guðnason framkvæmdastjóri Icelandair

Tónlistin mikið aðdráttarafl í ferðaþjónustu

ÁLIT

„Hér á landi er tvenns konar lífeyrisherfi, annað er ríkistryggt, hinu er gert að skerða réttindi í samræmi við raunstöðuna hverju sinni. Fari ríkisstjórnin þá leið sem hún boðar, mun það hafa afdrifaríkar afleiðingar.“

Guðmundur Gunnarsson



DÓMSMÁL

Birkir Kristinsson krefst frávísunar




TÆKNI

Klæðanleg tækni orðin vinsæl



BÆKUR

Stúlkan sem ögraði talibönum



TÓNLIST

Yfir 35 milljónir hafa horft á Kex-tónleika



STJÓRNMÁL

Afsakið hlé – snúin staða Íslands



BÍLAR

Lengsta ökutæki sögunnar



MATUR

Berglind eldar himneskt salat



kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórn: Gísli Jóhann Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.



kjarnaofninn

Kjarnaofninn er hlaðvarp Kjarnans.
Það má nálgast á vefnum
www.kjarninn.is/kjarnaofninn

Í SÍÐASTA KJARNAOFNI:
Norðurslóðir í Kjarnaofninum
Spjall Sigríðar Blöndal við Alequ Hammond, forsætisráðherra Grænlands, og Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, á ráðstefnu um norðurslóðir í Hörpu



EN EF ÉG KAUPI 607 GISTINÆTUR?



HÓPKAUP

í krafti fjöldans





Hinn fullkomni glæpur

LEIÐARI

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Þegar ég var lítill gutti framdi ég hinn fullkomna glæp. Í það minnsta þar til hann komst upp. Ég og Gústi vinur minn fölsuðum þá fjóra fimmtíu krónu peninga. Við náðum að versla fyrir tvo þeirra. Í bæði skiptin í Þingey, verslun á Húsavík, heimabæ okkar. Fölsunin fór þannig fram að við límdum saman tvo fimmkalla, snérum skjaldarmerkinu upp báðum megin og máluðum síðan vandlega með gylltri módelmálningu. Fastur kostnaður var örugglega nálægt fimmtíu krónum við hvernig pening. Svo fór að lokum að bensíntittur í Shell-sjoppunni áttaði sig á alvarleika málsins og lét lögreglu vita þegar við gerðum tilraun til að versla þar. Það leiddi til þess að foreldrar okkar fréttu af málinu og skömmuðu okkur. Líklega hlógu þeir hátt þegar við vorum hvergi nærri. Við Gústi hættum peningafölsun eftir þetta og lærðum af mistökunum.

Ekkert gerir samfélögum meira gagn heldur en mistök ef sá háttur er ávallt hafður á að draga lærdóm af þeim og breyta til batnaðar í kjölfarið. Því meiri áhrif sem mistök hafa til hins verra, þeim mun mikilvægara er að læra af þeim fljótt og hafa það bak við eyrað framvegis að svona geri maður ekki.

Í viðskiptum, eins og í öllu öðru, er þetta einfalda en áhrifaríka heilræði grundvöllur nýrrar þekkingar og nýsköpunar. „Gerðu ekki sömu mistökin tvisvar“ segja hin reyndari við þau sem eru að stíga sín fyrstu skref.

Kjarninn fjallaði með ítarlegum hætti um viðskipti nokkurra stjórnenda Kaupþings fyrir eigin reikning skömmu fyrir fall bankans, meðal annars með birtingu á greinargerð sem unnin var af PwC þar sem ítarlega er fjallað um þessi viðskipti á grundvelli frumgagna frá Kaupþingi, það er upplýsinga um peningafærslur þeirra sjálfra og tölvugagna sem sýna ástæðurnar fyrir þeim. Einkum voru þetta framvirk gjaldmiðlaviðskipti og hlutabréfaviðskipti.

Eitt atriði – alveg óháð því hvort lög eru brotin eða ekki – er þarft að velja fyrir sér og ræða um. Er skynsamlegt að stjórnendur í fjármálafyrirtækjum stundi stórfellda spákaupmennsku samhliða störfum sínum? Í þessum tilvikum sem fjallað var um í Kjarnanum veðjuðu stjórnendur gjaldeyrisviðskipta Kaupþings, langasamlega stærsta banka landsins – í það minnsta á pappírnum – á það að krónan myndi veikjast. Háar fjárhæðir voru undir í þessum viðskiptum, mörg hundruð milljónir króna í nokkrum tilvikum. Ekki var um neinar hefðbundnar varnir að ræða heldur tæra spákaupmennsku, óháð öðrum skuldbindingum. Enda var ávinningurinn til frjálsrar ráðstöfunar og það nýttu stjórnendurnir sér þegar allt var að hrynja.

Sem betur fer er umræða um þessa hvata í fjármálakerfinu komin af stað hér á landi á þeim vettvangi þar sem brýnast er að hún fari fram; hjá starfsfólki í fjármálakerfinu sjálfu. Hvatar í fjármálakerfinu voru til umræðu á fundi Viðskiptaráðs 16. september síðastliðinn og voru umræður líflugar. Betur má þó ef duga skal. Þörf er á því að starfsfólk í fjármálageiranum velti upp grunnspurningum í þessu samhengi.

Í umræðu um þessi mál á útgangspunkturinn alltaf að vera þessi, að mínu mati; fjármálakerfið á ennþá allt sitt undir þeim veruleika að seðlabanki skattgreiðenda sé banki bankanna. Þannig njóta bankar, jafnvel þó að þeir séu með einkaréttarlegt eignarhald, opinberrar ábyrgðar og inngripa hins opinbera með margvíslegum hætti. Ennþá er staða mála þannig að ef stjórnendur banka stýra honum í átt að gjaldþroti kemur til kasta skattgreiðenda að bjarga málunum, ýmist í gegnum þrautarvaralánveitendahlutverk eða neyðaradgerðir. Allt grundvallast þetta af gríðarlega umfangsmiklu ábyrgðarhlutverki hins opinbera, það er skattgreiðenda. Einkaréttarlegt eignarhald skiptir engu máli í þessu samhengi.


Þessi veruleiki ætti að vera grunnurinn að nálgun stjórnenda í fjármálakerfinu að störfum sínum. Á þeim hvílir – af miklum þunga – krafa um að fara varlega vegna þess að það eru almannahagsmunir undir því að þeir séu ábyrgir í störfum sínum.

Umfjöllun Kjarnans um umsvifamikil viðskipti stjórnenda Kaupþings fyrir eigin reikning samhliða störfum sínum fyrir aðra, þar á meðal lífeyrissjóði og sjávarútvegsfyrirtæki, er mikilvægt innlegg í þessa umræðu.

Alveg eins og þegar ég og Gústi stóðum í peningafölsuninni getur mögulega verið gaman að komast upp með óeðlilega eða ólöglega viðskiptahætti, í það minnsta á meðan á þeim stendur. Þá virðist glæpurinn vera fullkominn. En það hverfur fljótt þegar raunveruleikinn ber að dyrum. Í tilfelli bankamanna bætist við að áhrifa af óeðlilegum eða ólöglegum viðskiptaháttum þeirra gætir í versta falli ekki aðeins hjá þeim heldur öllum samborgurum þeirra.

„Ekki var um neinar hefðbundnar varnir að ræða heldur tæra spákaupmennsku, óháð öðrum skuldbindingum. Enda var ávinningurinn til frjálsrar ráðstöfunar og það nýttu stjórnendurnir sér þegar allt var að hrynja.“

GALLERÍ





Óveður í Norður-Evrópu

Háar öldur og stormur báru þennan bát alla leið upp í fjöru í Brighton á suðurströnd Englands á sunnudag. Fárviðri gekk yfir norðanverða Evrópu aðfaranótt mánudags.

Mynd: AFP





Hleruð

Fjarskipti Angelu Merkel Þýskalandskanslara hafa verið hleruð af Bandaríkjamönnum í fleiri ár, samkvæmt gögnum sem uppljóstrarinn Edward Snowden lak til fjölmiðla. Merkel hefur hins vegar gert lítið úr þessum ásökunum á bandarísk stjórnvöld og gerði jafnvel í því að láta mynda sig með farsímann sinn síðustu vikuna.

Mynd: AFP





Málar „diya“

Handverksmaður í Amritsar á Indlandi málar leirskálar fyrir diwali, árlega hátíð hindúa hinn 3. nóvember. Á diwali-hátíðinni er því fagnað að hið góða sigraði hið illa. Þá er þess einnig minnst að guðinn Rama sigraði Ravana og sneri aftur í konungdæmi sitt Ayodhya eftir fjórtán ára útleigð.

Mynd: AFP





Mótmæla niðurskurði í Portúgal

Aðgerðum ríkisstjórnar Portúgals var mótmælt á götum borga landsins um helgina. Þar hefur niðurskurðarhnífnum verið beitt af krafti á útgjöld ríkisins með miklum áhrifum á kjör landsmanna. Lánardrottnum portúgalska ríkisins var einnig mótmælt, en ströng skilyrði Evrópusambandsins, AGS og seðlabanka Evrópu hafa fallið í grýttan jarðveg meðal þjóðarinnar.

Mynd: AFP





Nærri strönd Sýrlands

Bandaríska flugmóðurskipið USS Nimitz silgdi í lok síðustu viku úr Rauðahafinu og í Miðjarðarhafið til þess að vera viðbúið harðari átökum og hugsanlegu inngripi í borgarastyrjöldina í Sýrlandi. Flugsveit á skipinu gekk á flugbrautar-pallinum og fylgdist með æfingum kollega sinna í öðrum flugsveitum skipsins.

Mynd: AFP



ns í iPad

aðeins í iPad

aðei

**Kjarninn hefur breytt
deilingarmöguleikum
sínnum.**

**Nú er hægt að deila
efni úr iPad-útgáfu
Kjarnans með mun
auðveldari hætti en
áður.**



kjarninn



Available on the
App Store



Landsbankinn

Tilkynning dregur dilk á eftir sér

Currency exchange

	USD		ISK
	EUR		CHF
	GBP		JPY
	DKK		SEK

Deildu með umheiminum

DÓMSMÁL

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Hæstaréttardómur frá 17. október síðastliðnum, í máli þar sem fallni Landsbankinn (LBI) og Norvik hf. tókust á, bendir til þess að gjaldmiðlaskipta- og vaxtasamningar sem gerðir voru fyrir hrun, og komust í uppnám við hrun bankanna, hafi verið gerðir upp á fölskum forsendum og að óþörfu. Þannig hafi lífeyrissjóðir, sjávarútvegsfyrirtæki og fjölmargir aðrir lögaðilar getað gert upp afleiðusamninga sína með samkomulagi við slitastjórn fallna Landsbankans án þess að hafa í raun þurft að borga eina krónu. Lífeyrissjóðir í landinu greiddu vel á annan tug milljarða króna til fallna Landsbankans, að teknu tilliti til skuldajöfnunar, eftir að samkomulag þar um náðist milli lífeyrissjóða og slitastjórnar Landsbankans sumarið 2011, en samningaviðræður höfðu þá staðið yfir í tæplega þrjú ár. Samanlagður kostnaður sjávarútvegsfyrirtækja hljóp einnig á milljörðum. Mörg lögfræðiálit voru unnin, sem voru öll á þann veg að lífeyrissjóðunum bæri að greiða, að sögn Arnars Sigmundssonar, fyrrverandi formanns Landssamtaka lífeyrissjóða, en samtökin voru í forsvari fyrir lífeyrissjóðina þegar samið var um afleiðusamningana.

Dæmt Norvik í vil

Í fyrrnefndu deilumáli milli LBI og Norvik hf. var tekist á um framvirka gjaldmiðlasamninga, en LBI krafðist greiðslu upp á 2,4 milljarða. Samningarnir höfðu upphaflega verið gerðir í febrúar 2006, en markmið þeirra var að dreifa og draga úr áhættu í rekstri. Fjórir samningar voru gerðir alls, sá síðasti í janúar 2008. Samningarnir fólu í sér vörn fyrir styrkingu krónunnar og því fólst í þeim áhætta ef krónan veiktist, sem varð raunin. Dómur í málinu féll Norvik í hag og þurfti það ekki að greiða neitt en LBI var gert að greiða Norvik tvær milljónir króna í málskostnað.

Lykilatriði í málinu er tilkynning í tölvupósti sem LBI sendi frá sér um miðjan október 2008, nánar tiltekið hinn 16. október. Hana sendi Lárus Finnbogason, þáverandi formaður skilnefndar bankans, til viðskiptavina sem voru

„Stefndi mátti líta svo á, að með tilkynningunni væri áfrýjandi einhliða að fella niður afleiðusamningana og lýsa því yfir að framvegis myndi hann hvorki efna samningana af sinni hálfu né ætlast til efnda af hálfu stefnda.“

með gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga, sem í tilkynningu eru kallaðir afleiðusamningar. Á þessum tíma gekk mikið á eins og viðbúið var eftir að Landsbankinn, Kaupþing og Glitnir hrundu eins og spilaborg dagana 7. til 9. október 2008. Í tilkynningu segir m.a. orðrétt: „Í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dags. 13. október 2008 liggja réttindi og skyldur vegna afleiðusamninga áfram hjá Landsbanka Íslands hf. Að óbreyttu liggur fyrir að umræddum afleiðusamningum verður lokað. Í því felst m.a. að sjóðstreymis- og gengisvarnir á lána- og eignasöfnum viðskiptavina falla niður. Í kjölfarið munu afleiðustöður í hagnaði mynda kröfu viðskiptavinar á Landsbanka Íslands hf. en tapsstöður mynda kröfu Landsbanka Íslands hf. á viðskiptavini. Leitast verður við að samræma aðgerðir viðskiptabankanna til að tryggja að allir viðskiptavinir njóti sömu málsmeðferðar. Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á afleidur@landsbanki.is.“

„Né ætlast til efnda“

Í dómi Hæstaréttar frá 17. október er sérstaklega tekið fram að þessi „tilkynning áfrýjanda 16. október 2008 [...]“ var einhliða yfirlýsing af hans hálfu og skuldbindandi fyrir hann. Fjölmargir viðskiptamenn hans sem gert höfðu afleiðusamninga fengu sömu tilkynningu [...] Stefndi mátti líta svo á, að með tilkynningunni væri áfrýjandi einhliða að fella niður afleiðusamningana og lýsa því yfir að framvegis myndi hann hvorki efna samningana af sinni hálfu né ætlast til efnda af hálfu stefnda.“

Með öðrum orðum gátu viðtakendur þessarar tilkynningar litið svo á að þeir þyrftu ekki að greiða LBI hf. neitt þar sem LBI væri með tilkynningunni einhliða að fella niður afleiðusamningana.

Miklir hagsmunir

Tekist hefur verið á um mikla hagsmuni er tengjast afleiðusamningum um gjaldmiðla og vexti sem gerðir voru fyrir hrun og háar fjárhæðir um að ræða. Samkomulag sem lífeyrissjóðir gerðu við LBI var byggt á því að viðmiðunar-



Smelltu til
að lesa dóm
Hæstaréttar

gengisvísitalan í samningunum væri 175. Til samanburðar er gengisvísitalan nú 219,7 samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismarkað.

Staða afleiðusamninga við þrotabú Kaupþings og Glitnis er með öðrum hætti en hjá LBI, þar sem sambærilegri tilkynningu og Hæstiréttur fjallar um í dómi sínum 17. október er ekki fyrir að fara hjá þeim. Sé miðað við gengisvístöluna 175 námu skuldir lífeyrissjóðanna við þrotabúin vegna afleiðusamninga um 35 milljörðum króna, að teknu tilliti til skuldajöfnunar, að sögn Arnars Sigmundssonar.

Samkvæmt heimildum Kjarnans munu Landssamtök lífeyrissjóða ræða frekar um dóminn frá 17. október á næstunni og kanna hvort niðurstaða hans hafi með einhverjum hætti áhrif á hagsmuni lífeyrissjóða er tengjast afleiðusamningum um gjaldmiðla og vexti.

Kristinn Bjarnason hrl., sem á sæti í slitastjórn LBI og rak málið fyrir hönd LBI, vildi ekkert láta hafa eftir sér um dóminn þegar Kjarninn leitaði til hans. Lárus Finnbogason, fyrrverandi formaður skilnefndar Landsbankans, vildi ekki láta hafa neitt eftir sér um málið þegar eftir því var leitað en áréttaði að tilkynningin hefði verið sent út til að tryggja hagsmuni LBI.

Sjúkdóma- trygging

sem hægt er
að endurvekja



NÝJUNG Á ÍSLANDI

OKKAR Sjúkdómatrygging XL er nýjung hér á landi. Trygginguna er hægt að endurvekja eftir að bætur hafa verið greiddar úr henni og þannig geta viðskiptavinir OKKAR tryggt sig aftur gegn sjúkdómum sem kunna að knýja dyra síðar meir.

▶ **Smelltu hér**
og kynntu þér málið
á www.okkar.is
eða hringdu í síma
540 1400

www.okkar.is

okkar 
- til öryggis síðan 1966



Erlendir gestir tvöfalt fleiri en 2010

Iceland Airwaves stækkar með hverju árinu

Iceland Airwaves-hátíðin er nú haldin í fimmtánda sinn. Það er óhætt að segja að hátíðin, sem er samstarfsverkefni Icelandair og Reykjavíkurborgar, hafi vaxið umtalsvert frá því að sú fyrsta var haldin í flugskýli á Reykjavíkflugvölli. Upphaflega var hún kynning fyrir hljómsveitina GusGus og nokkrar aðrar þar sem tilgangurinn var að vekja athygli erlendra fagaðila í tónlistargeiranum á þeim örfáu böndum sem tróðu upp. Þá var sala á flugmiðum til Íslands fjarri því eitt af aðalmarkmiðum framtaksins. Það hefur heldur betur breyst og nú hvílir hátíðin á þremur meginstöðum:

1. Að fjölga ferðamönnum utan háannatíma
2. Að koma íslenskri tónlist á framfæri erlendis
3. Að halda tónlistarhátíð á heimsmælikvarða

Í ár er uppselt á Iceland Airwaves í áttunda sinn í röð. Það seldist raunar upp snemma í september, sem er um mánuði fyrr en í fyrra. Samt voru fleiri miðar til sölu nú, rúmlega sex þúsund. Þegar búið er að bæta við þeim miðum sem fara til erlendra listamanna, fjölmiðlamanna, umboðsmanna, starfsfólks, íslenskra hljómsveita og annarra sem fá armbönd utan hefðbundinnar sölu verða gestir á þessari Iceland Airwaves-hátíð 7.974 talsins, rúmlega þúsund fleiri en í fyrra. Þar af fljúga um 4.436 hingað til lands frá útlöndum, gista á íslenskum gististöðum, borða á íslenskum matsölustöðum og drekka bjór á íslenskum öldurhúsum. Þeim fjölga ár frá ári. Alls eru tvöfalt fleiri útlendingar á þessari hátíð en þeirri sem haldin var árið 2010.

Til að koma öllu þessu fólki fyrir hefur tónleikastöðum verið fjölgað. Nú verður meðal annars troðið upp í Hallgrímskirkju. Atriðum á hátíðinni fjölga auk þess ár frá ári, og verða 217 þessa löngu helgi sem er fram undan.

Til viðbótar er umgangsmikil off-venue dagskrá þar sem hundruð tónleika fara fram víðs vegar um miðborg Reykjavíkur. **ÞSJ**




Smelltu til að sjá off-venue dagskrána 2013




Dagskrá Iceland Airwaves 2013

ÞJÓÐERNI GESTA Á ICELAND AIRWAVES 2010-2013



SKIPTING SELDRA MIÐA EFTIR LÖNDUM



EYÐA YFIR MILLJARÐI Á ÍSLANDI

Erlendir tónlistargestir Iceland Airwaves eyddu um 1,1 milljarði króna innan Reykjavíkur í fyrra, samkvæmt könnun aðstandenda hátíðarinnar og Útón. Meðalgesturinn sem kemur á Iceland Airwaves er 30 ára gamall. Hann gistir á hóteli eða gistiheimili og eyðir um 200 þúsund krónum í borginni á meðan

að hann dvelur í henni, sem er um 6,7 dagar að meðaltali. Auk þess eyða þessir gestir töluverðum fjármunum utan Reykjavíkur, til dæmis í Bláa lóninu. Þetta kom fram í máli Kamillu Ingibergsdóttur, kynningastýru hátíðarinnar í Kastljósi fyrr í vikunni.



Afsakið hlé

Ísland er einangrað í fjármagnshöftum fimm árum eftir að fjármálakerfið hrundi. Alþjóðapólitísk staða landsins er flókin. Hvert skal stefnt? Kristján Guðburgess rýnir í stöðuna í greinaflokki Kjarnans.



Deildu með
umheiminum

Það er ekki hægt að gera hlé á samskiptum Íslands við umheiminn. Stefnuleysi í alþjóðasamskiptum getur lamað hagsmunagæslu og viðskiptatengsl á meðan rétt strategía getur aukið öryggi þjóðarinnar, fjölgað efnahagslegum tækifærum og orðið til þess að hlustað verði á rödd Íslands.

Haustið 2008 var útlitið dökkt og blikur á lofti. Bankakerfið hafði fallið, krónan hrundið og fjölskyldur og fyrirtæki sátu uppi með tjónið. Orðspor landsins var í tætlum, sambandið við Bandaríkin í sögulegri lægð eftir misheppnaðar varnarviðræður áranna á undan. Áherslur utanríkisþjónustunnar höfðu verið á að vinna atkvæði fjarlæggra þjóða í keppninni um sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fremur en að rækta nóg samlega frændgarðinn, því Evrópa mátti ekki vera á dagskrá.

Í Hruninu kom bersýnilega í ljós hversu skort hafði á að afla stuðnings við sjónarmið Íslands eða afla samstarfs hjá nágrannaríkjunum til að lina höggið sem var yfirvofandi. Um það má meðal annars lesa í Wikileaks-skjölum Bandaríkjastjórnar þar sem menn voru gáttaðir á framgöngu íslenskra ráðamanna í Seðlabanka og fjármálaráðuneyti. Í rústum Hrunsins upplifðu embættismenn Ísland einmana í ólgusjó alþjóðastjórnmálanna. Allt of lítið var inni á diplómátskum innistæðureikningi.

Við þessar aðstæður tók ný ríkisstjórn við völdum. Í utanríkismálunum var starfað eftir strategíu um að byggja markvisst upp sterkari stöðu út frá þremur þáttum: þjóðaröryggi á breiðum grunni, að skapa efnahagsleg tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki, og skýran málflutning í mikilvægustu hagsmuna- og áherslumálum. Ísland vildi ekki vera eitt á báti heldur sóttist eftir virkum tengslum við ríki nær og fjær.

Eins og öðrum þjóðum er Íslandi nauðsynlegt að sækjast eftir eins sterkri alþjóðapólitískri stöðu og mögulegt er. Markmiðið er að vinna að hagsmunum Íslendinga. Ríkisstjórnin sem tók við eftir Hrun gerði það með nýrri áherslu á norður-slóðir, stórauknum og virkari tengslum við Evrópu, nýjungum í Norðurlandasamvinnu, fjölþættara öryggissamstarfi við Bandaríkin og nýjum gáttum sem hafa verið opnaðar til rísandi stórvelda í Asíu.

1. HLUTI AF ÞREMUR

Kristján Guy Burgess, fyrrverandi aðstoðarmaður utanríkisráðherra, fjallar um Ísland í litrófi alþjóðastjórnmála í þremur hlutum í Kjarnanum.



Á sama tíma var skerpt á málflutningi um mannréttindi, jafnréttismál og sjálfbæra nýtingu auðlinda – sjávarútveg og jarðhita – auk þess sem Ísland tók sér ákveðið forystuhlutverk í málefnum Palestínu í anda þeirrar stefnu sem rekin var við endurheimt á sjálfstæði Eyrstrasaltsríkjanna fyrir tuttugu árum.

Aðgerðir nýrrar ríkisstjórnar geta orðið til þess að staðan veikist að nýju. Þess vegna er nauðsynlegt að taka saman leiðarvísi um hvernig best verði staðið að því að styrkja stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Fyrst er fjallað um Evrópumálin og hvernig stefnuleysi og hálfkæringur getur komið niður á hagsmunum Íslands.

Evrópa: Langstærsta efnahagssvæðið

Til Evrópu flytja Íslendingar 80 prósent af öllum sínum útflutningsvörum. Sextíu prósent af öllum innflutningi kemur frá Evrópu. Samskipti við Evrópu skipta því öllu máli fyrir Ísland sem útflutningsþjóð og fyrir íslenska neytendur. Viðskipti við aðra heimshluta eru afar lítil í samanburðinum, sem gefur líka skýrt tilefni til að efla þau.

Íslendingar þiggja mikið af sinni löggjöf frá Evrópu gegnum 20 ára EES-samstarf. Til Evrópu fara langflestir Íslendingar í nám og þar velja þeir sér búsetu utan landsteinanna. Um langflest mál í alþjóðasamskiptum fara sjónarmið Íslands og Evrópuþjóða saman. Við erum Evrópuþjóð.

Hvorki Norðurslóðir né Asíusamstarf koma í staðinn fyrir alvöru Evrópustefnu en þetta þrennt getur hins vegar unnið ágætlega saman, eins og rakið verður hér í þessum greinaflokki. Fyrirkomulag um samstarf Íslands og Evrópu hefur verið viðfangsefni nánast allan lýðveldistímam. Þannig gekk Ísland í Atlantshafsbandalagið og síðar EFTA og Evrópska efnahagssvæðið en þá voru fleiri þjóðir í samstarfinu en þær fjórar sem eftir sitja. Samstarf EES-EFTA landanna þriggja og samband þeirra við ESB er í stöðugri umræðu. Nýjasta útspil ESB gekk út á að gera EES að samstarfsvettvangi fyrir smæstu ríki Evrópu, Mónakó, San Marínó og Andorra, sem Ísland á takmarkaða samleið með.



Skipaflutningur

Ísland gæti orðið umsvifa-
mikið þjónusturíki fyrir
skipaflutninga um norður-
slóðir í framtíðinni.



EES-samningurinn veitir Íslandi aðgang að innri markaði Evrópu með allt nema landbúnaðar- og sjávarafurðir. Á móti er Ísland skuldbundið til að taka upp alla löggjöf ESB um það sem samningurinn nær yfir. Staðan hefur breyst töluvert eftir að samningurinn var gerður og æ fleiri mál lent í ágreiningi sem örðugt er að leysa úr.

Á það var bent í Evrópuskýrslu ársins 2009 af fulltrúum allra stjórn málaflokka að Lissabon-sáttmálinn gerði erfiðara en áður að sinna hagsmunagæslu gagnvart ESB um EES-málefni eða hafa áhrif á löggjöf fyrir fram. Pólitísk aðkoma að EES-samningnum felst í tveimur ráðstefnum á ári þar sem utanríkisráðherra Íslands mætir ásamt kollegum sínum frá Noregi og Liechtenstein til fundar við fulltrúa ESB, sem oftast en ekki er leitt af vararáðherra í því ríki sem fer með for-
mennsku í ráðherraráði ESB það sinnið. Þar er oftast farið yfir fyrir fram afgreiddan texta sem á lítið skylt við lýðræðislega umræðu. Gallarnir eru því margir á fyrirkomulagi sem hefur þó í grundvallaratriðum reynst Íslandi afar vel. Hvort það gagnast til framtíðar er hins vegar annað mál.

Áhugavert verður að fylgjast áhrifum þess á EES og Ísland að með nýrri ríkisstjórn í Noregi er þegar orðin áherslu-
breyting með tifærslu á EES-málum frá utanríkisráðuneyti til Evrópuráðherra í forsætisráðuneytinu. Hvað annað býr að baki í Evrópastefnu stjórnarinnar á eftir að koma í ljós.

Þjóðin fái að taka ákvörðun

Umsókn um aðild að Evrópusambandinu var rökrétt skref í þróun Evrópusamstarfsins. Markmiðið var að ná eins góðum samningi og mögulegt var fyrir íslenska hagsmuni og fela þjóðinni að ákveða um inngönguna í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar samningur lægi fyrir.

Umsóknin bjó til nýja snertifleti í samskiptum Íslands við tæplega 30 Evrópuríki og gaf tilefni til þess að taka upp alls kyns tvíhliða hagsmunamál. Þetta nýttist sérlega vel til að opna nýjar dyr fyrir íslensk fyrirtæki en líka til að koma fram sjónarmiðum Íslands í Icesave og gegn viðskiptaþvingunum vegna makríldeilunnar, sem hefðu getað haft stórfelld áhrif á



Íslenska útflutningshagsmuni. Það er hægt að halda því fram með rökum að þannig hafi aðildarumsóknin þegar skilað milljarða ávinningi fyrir íslenskt þjóðarþú.

Fyrir íslenskt athafnalíf skiptir gífurlega miklu að aðildin gæti skapað leið út úr höftum og til þess að taka upp nýjan gjaldmiðil í stað kollsteypuhagkerfis krónunnar. Þá getur aðild aukið gagnkvæmar fjárfestingar til mikilla muna.

Ekkert bendir til annars en að athafnasvæði íslensks atvinnulífs myndi stækka við inngönguna í Evrópusambandið. Nýr samningur ESB og Kanada þar sem opnað er á viðskipti með þjónustu, og er til muna breiðari en samningurinn sem EFTA gerði fyrir nokkrum árum, sýnir fram á hvernig alþjóðlegt viðskiptaumhverfi er að breytast og þá verður betra fyrir Ísland að tilheyra öflugri blokk en að standa fyrir utan. ESB hefur yfir mun öflugra viðskiptaneti að ráða og verður betur í stakk búið en smærri bandalög til að gera samninga fyrir aðildarríki sín.

Það er staðföst trú þess sem hér skrifar og hafði innsýn í samningana að fundist hefðu lausnir á öllum helstu grundvallarhagsmunamálum Íslendinga en það hefði engu að síður tekið sinn tíma og kostað mikla vinnu við samningaborðið. Nú hefur ný ríkisstjórn ákveðið að taka þann möguleika frá þjóðinni að leggja mat á endanlegan samning og hvort Íslandi verði betur borgið innan Evrópusambandsins þegar öll rök liggja á borðinu.

Hvað sem öðru líður verður pólitísk staða Íslands mun sterkari inni í herberginu þar sem ákvarðanir eru teknar en við pósthólfið þar sem tekið er við tilbúnum tilskipunum. Hættan er sú að Ísland einangrist efnahagslega, takist ekki að finna leiðina út úr höftunum og inn í nýjan gjaldmiðil. Þarna er sveigjanleikinn til gengisfellinga afskaplega dýru verði keyptur fyrir íslensk heimili.

Nokkur jákvæð merki

Ríkisstjórnin hefur að sumu leyti farið ágætlega af stað í utanríkismálunum og bætt við það sem gert var á síðustu árum. Áhersla á norðurslóðir og staðfesting hennar í sérstakri



ráðherranefnd er jákvæð sem og vísbendingar um styrkingu á sambandinu vestur um haf með heimsóknum bæði forsætis- og utanríkisráðherra til Kanada. Utanríkisráðherra hefur líka lýst því skýrt yfir að samstarf Íslands og Atlantshafsbandalagsins verði treyst enn frekar.

Áframhaldandi vinna við fullgildingu á fríverslunar- samningi við Kína á vettvangi Alþingis er skref í rétta átt. Ráðherrar hafa haldið uppi öflugum vörnum gegn hótunum um viðskiptaþvinganir vegna makríldeilunnar og útlit er fyrir að stjórnin geti náð góðum samningum í henni þótt kálið sé ekki allt sopið þar.

Þá hefur utanríkisráðherra tjáð sig af skynsemi um starfsemi utanríkisþjónustunnar og nauðsyn þess að bæta í hagsmunagæslu vegna EES-samningsins. Framganga forsætis- og utanríkisráðherra gagnvart hótunum um beitingu hervalds í Síurlandi án aðkomu Öryggisráðsins, voru einnig hug- hreystandi fyrir þá sem horfðu upp á stuðning við Íraksstríðið hjá sömu ríkisstjórnarflokkum fyrir áratug.

En röng strategía

Helsta stefnumál ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum: Hlé í viðræðum við Evrópusambandið, gefur þó tilefni til að hafa áhyggjur af því að ekki sé búið að hugsa málin til enda. Það er ekki hægt að móta utanríkisstefnu eingöngu út frá því sem menn vilja ekki. Heimurinn er flóknari en svo.

Evrópastefnan er í kjarna íslenskra utanríkismála þar sem um er að ræða flestar helstu samstarfsþjóðir sem lang- mest viðskipti eru við. Aðrir markaðir eru dvergvaðnir fyrir hagsmunum Íslands í samanburðinum. Þess vegna dugar hvorki hálfkæringur né stefnuleysi. Þótt það geti verið skynsamlegt í stöðunni að auka lobbíisma gagnvart lagasetningu á EES- svæðinu er það ekki langtímalausn sem þjónar íslenskum hagsmunum.

Stefnuleysi í Evrópumálum heldur Íslandi áfram í ólýðræðislegu ferli EES-samningsins sem getur ekki talist sæmandi fullvalda þjóð til lengdar.

Hvar Íslendingar staðsetja sig í hinu alþjóðlega





viðskiptaumhverfi er enn mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr þar sem margt er á hreyfingu, stórir samningar í vinnslu milli efnahagsvelda heimsins. Verði hagsmunir Íslands ekki rétt tryggðir verður möguleikunum til að íslensk fyrirtæki geti starfað innan stærsta viðskiptasvæðis heims, sem verið er að búa

Bandaríkin

Ísland hefur mun minni tengingu við Bandaríkin eftir að bandaríski herinn fór af landi brott.

til og á að ná yfir Evrópu og Norður-Ameríku, og er í raun heimamarkaður okkar, skellt í lás í skiptum fyrir svigrúm til að gera samninga við þjóðir sem við eigum sáralítill viðskipti við, þekkjum lítið til og kunnum ekki að bera fram nöfnin á.

Ákvörðunin um algjört hlé færir Ísland úr fundarherberginu þar sem ákvarðanir eru teknar, fram á gang eða út í garð. Örðugra verður að virkja sambönd til að skapa ný tækifæri til stóraukinna viðskipta við þrjátíu Evrópuþjóðir. Það þýðir að færin sem eru fyrir í EES-samningnum verður ekki hægt að nýta betur með fleiri snertingum eða meiri samskiptum. Innri markaður Evrópu verður ekki opnaður fyrir fullnum hágæða afurðum úr íslenskum fiski eða kjöti. Tollkvótar verða áfram veruleikinn þar.

Ekki verður unnt að nota aðildarferlið til að rækta brýn hagsmunamála og dyrum er lokað á samstarf um afléttingu gjaldeyrishafta með öflugustu stofnunum og færustu sérfræðingum heims, Seðlabanka Evrópu, AGS og ESB. Bestu leiðinni í lausn á gjaldmiðilsvanda þjóðarinnar er varpað fyrir róða. Áhyggjum atvinnulífsins í þeim efnum er að engu svarað.

Öryggisstryggingu framtíðar, sem felst í því að tilheyra sterkasta friðarsamstarfi og farsælasta efnahagssamstarfi heims er skipt út fyrir sannfæringarræður um eigin yfirburði í ljósi vafasamrar söguskoðunar.



Evrópa+norðurslóðir+Asía

Í hinni einfölduðu umræðu á Íslandi hafa einkum verið dregnar fram þrjár leiðir fyrir alþjóðasamskipti Íslands. Heimssýnarleiðin sem predikuð er á Evrópuvaktinni er að Ísland eigi fyrst og fremst að einbeita sér að norðurslóðum og nærumhverfinu, eigi að mynda þétt samstarf á Norður-Atlantshafi með Færeyingum, Grænlandingum, Norðmönnum og Skotum. Ekkert eigi að sinna um Evrópusambandið, sem sé hvort eð er deyjandi fyrirbæri.

Önnur leiðin er sú sem kennd er við forseta Íslands og byggir á norðurslóðum og auknum tengslum við Asíuþjóðir. Þriðja leiðin er að Evrópa sé svar við öllum vanda vegna mikilvægis hagsmunanna þar og önnur áherslusvæði geti rekið á reiðanum.


Það sem ég legg til hér er að leggja þessar þrjár leiðir saman. Ein útilokar ekki aðra og Ísland hefur fullt bolmagn til að sinna þeim öllum. Hver þáttur styrkir stöðuna gagnvart hinum. Að nýta ekki allar þær leiðir sem til eru til að styrkja stöðu Íslands í utanríkismálum mun þýða að Íslendingar fari á mis við fjölda tækifæra á næstu árum og áratugum og ekki verði hlustað á málflutning um mikilvæg áherslumál Íslands.

Í næstu greinum verður fjallað nánar um það.



BÆTTU SMÁ MANCHESTER Í LÍF ÞITT

Verð frá **19.800** kr.



Bóka núna



ICELANDAIR



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Birkir Hólm Guðnason framkvæmdastjóri Icelandair

Sérstaðan dregur fólkið til landsins



VIÐTAL

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

É

g hef ekki áhyggjur af of mikilli fjárfestingu í ferðaþjónustu, til dæmis hótéluppbyggingu og slíku. Slíkt hefur fylgt þróun eftirspurnar og vaxtar. Miklu frekar þarf að ganga lengra í uppbyggingu við náttúruperlurnar með það að markmiði að vernda þær til lengri tíma litið,“ segir Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair. Ólíkt mörgum öðrum geirum á Íslandi hefur ferðaþjónustan hér á landi, þar sem Icelandair er langsamlega umsvífamest bæði innanlands og utan, verið að vaxa mikið og umsvifin að aukast síðustu fimm árin, þegar línan var dregin í sandinn í sögulegu tilliti. Þá hrundi fjármála-kerfið og fjármagnshöftum var komið á til að hindra algjört hrun gjaldmiðilsins og dýpri efnahagsvanda landsins.

Fókusinn á Ísland

Bankahrunið var ekki aðeins efnahagslegt áfall heldur fólst í því tækifæri, segir Birkir. „Ísland fékk mikla alþjóðlega athygli í hruninu og líka þegar gosið í Eyjafjallajökli stóð yfir, einu og hálfu ári síðar. Í fréttum erlendis af bankahruninu voru oft fréttamyndir af náttúruperlum hér. Þetta hefur haft jákvæð áhrif, ég er alveg viss um það,“ segir Birkir.

Hann hóf störf hjá Icelandair árið 2000, fyrir tæplega fjórtán árum, sem sölustjóri á Íslandi. Hann starfaði síðan sem sölustjóri í Norður-Ameríku, svæðisstjóri í Mið-Evrópu með aðsetur í Frankfurt og síðan frá árinu 2006 sem svæðisstjóri á Norðurlöndum. Frá árinu 2008, skömmu fyrir hrunið, hefur Birkir verið framkvæmdastjóri Icelandair. „Við höfum búið félagið vel undir miklar sveiflur, bæði ef kemur til þess að þurfa að draga saman seglin og einnig þegar við erum að vaxa, eins og hefur verið raunin síðustu árin. Breytingar sem við réðumst í fyrir hrun, með straumlínulögun á rekstrinum og aðhaldsaðgerðum, skiptu miklu máli þegar hrunið varð og niðursveifla fyrst í kjölfarið. Félagið varð fyrir vikið tilbúið til að vaxa hraðar þegar hlutirnir fóru að ganga vel.“

Dýpt og breidd

Birkir segir að áherslan hjá Icelandair hafi verið á „dýpt og

„Ég tel að við þurfum að gera meira af því að nýta þá sérstöðu sem liggur í menningarlífinu, sögunni og uppruna okkar, sem er jafn áhugaverð og stórkostlegar náttúruperlur landsins.“

breidd“ eins og það er kallað í fluginu. Það er að auka tíðni ferða á staði sem eru þegar fyrir í leiðakerfinu og síðan að velja eftir kostgæfni nýja staði, sem styrkja leiðakerfið sem heild. Ný leið getur eftt þær sem fyrir eru og breikkað þannig þjónustuna og aukið arðsemi í rekstri. Leiðakerfið tengir tólf áfangastaði í Norður-Ameríku við 24 áfangastaði í Evrópu í gegnum Ísland. Á næsta ári mun þeim fjölga í 13 í Norður-Ameríku og 25 í Evrópu.

Rekstur Icelandair Group, sem er móðurfélag Icelandair, hefur gengið vel síðastliðin ár samhliða mikilli fjölgun ferðamanna hingað til lands. Heildareignir Icelandair Group eru nú metnar á ríflega 900 milljónir Bandaríkjadala, sem nemur tæplega 110 milljörðum króna. Eiginfjárhlutfallið er ríflega 40 prósent, sem telst vera afar gott heilbrigðismerki fyrir reksturinn. Til marks um tekjuvöxtinn námu heildartekjur félagsins 717 milljónum Bandaríkjadala árið 2010 en tæplega 900 milljónum Bandaríkjadala í fyrra. Hagnaður félagsins á þriðja ársfjórðungi þessa árs nam tæplega átta milljörðum, samkvæmt tilkynningu til kauphallar í gær. Fyrirsjáanlegt er að þær verði enn meiri í ár enda áframhald á fjölgun ferðamanna hingað til lands á þessu ári miðað við árin á undan.

Gríðarleg breyting á skömmum tíma

Árið 2008 komu hingað til lands 473 þúsund ferðamenn, þar af flestir frá Bretlandi, tæplega 70 þúsund. Fjórum árum síðar, í fyrra, var heildarfjöldinn kominn í 646 þúsund og komu flestir þeirra frá Bandaríkjunum, rúmlega 95 þúsund talsins. Bretar eru ekki langt undan, ríflega 94 þúsund. Það sem af er þessu ári eru erlendir ferðamenn orðnir 639 þúsund, það er fram að októbermánuði. Útlit er því fyrir algjört methár og ferðamannafjölda sem fer yfir 700 þúsund á ári. Mesta fjölgunin á þessu ári er utan háannatímabilsins yfir sumarmánuðina og segir Birkir að það sé afrakstur mikillar vinnu. „Við höfum lagt mikið á okkur við að fjölga ferðamönnum utan sumarmánaða, meðal annars með meiri tíðni ferða á þeim tíma samhliða markaðsátaki um að fjölga ferðamönnum utan háannatíma. Þetta hefur skilað miklum árangri. Það er mikilvægt að halda áfram að leggja áherslu á að markaðssetja Ísland sem valkost



Sterk mynd á vefnum

„Ég sé það sjálfur hvað ferðamenn eru duglegir að nota samfélagsmiðla til þess að lýsa Íslandi, með myndum og texta. Ímynd landsins er ákaflega sterk á þessum vettvangi.“

„Ferðapjónustan nýtur meiri virðingar sem atvinnugrein en hún gerði og Íslendingar hafa almennt áttað sig betur á mikilvægi hennar á síðustu árum, bæði almenningur og stjórnvöld. Margfeldisáhrifin eru mjög mikil.“

fyrir ferðamenn allan ársins hring. Það er mikil samkeppni við aðra áfangastaði í heiminum og það er alls ekki þannig að það þurfi ekki að hafa mikið fyrir því að fá ferðamenn til Íslands. Við erum með 70 til 80 starfsmenn í því erlendis að markaðssetja Ísland og selja hingað ferðir, þannig að við vitum hversu erfiður og krefjandi markaðurinn er. En það er ánægjulegt að okkar áherslur hjá Icelandair, og þau átök sem ráðist hefur verið í með hagsmunaaðilum í greininni og stjórnvöldum, hafa virkilega skipt máli þegar kemur að því að fjölga ferðamönnum utan háannatímans.“

Það er mikið rætt um þennan vöxt í ferðapjónustunni og fjölgun ferðamanna. Finnst þér ferðapjónustan almennt vera viðurkennd grunnstoð í efnahagslífi landsins?

„Það hefur orðið mikil og jákvæð breyting hvað þetta varðar að mínu mati. Ferðapjónustan nýtur meiri virðingar sem atvinnugrein en hún gerði og Íslendingar hafa almennt áttað sig betur á mikilvægi hennar á síðustu árum, bæði almenningur og stjórnvöld. Margfeldisáhrifin af komu erlendra ferðamanna hingað eru mjög mikil á margvíslega þjónustu og þau hafa síst verið ofmetin í almennt umræðu. En samt má alltaf gera betur. Það er eins með þetta og margt annað hér á landi, að langtíma- stefna og stöðug umræða yfir langan tíma hjálpar til við að auka skilning á mikilvægi ferðapjónustunnar fyrir hagkerfið.“

Ísland stöðugt í umræðunni

Á síðustu árum hefur orðið mikil breyting á fjölmiðlaumhverfi á alþjóðavísu með tilkomu samfélagsmiðla. Fólk tjáir sig um allt milli himins og jarðar, skiptist á myndum og myndskleiðum. Algengt er einnig að fólk lýsi upplifunum í fríum. Birkir segir að þetta hafi skipt íslenska ferðapjónustu miklu máli og hafi ýtt undir enn meiri áhuga á Íslandi. „Ég sé það sjálfur hvað ferðamenn eru duglegir að nota samfélagsmiðla til þess að lýsa Íslandi, með myndum og texta. Ímynd landsins er ákaflega sterk á þessum vettvangi, jákvæð upplifun ferðamannsins af landinu skiptir höfuðmáli,“ segir Birkir. „Margir erlendir ferðamenn sem koma hingað hafa stefnt á það lengi að sækja landið heim og eru oft á tíðum yfir sig ánægðir með það sem



Góð markaðssetning

„Samfélagsmiðlarnir hafa verið kærkomin innspýting í markaðssetningu á Íslandi sem valkosti fyrir ferðamenn. Upplýsingar fara stundum eins og eldur í sinu á þessum miðlum.“

þeir sjá hér og upplifa. Þeir eru því líklegir til þess að segja öðrum hvernig ferðalagið var. Samfélagsmiðlarnir hafa verið kærkomin innspýting í markaðssetningu á Íslandi sem valkosti fyrir ferðamenn. Upplýsingar fara stundum eins og eldur í sinu á þessum miðlum.“

Öll sérstaða selur

Birkir segir Ísland hafa sterka ímynd í hugum útlendinga. En hún ein og sér sé ekki það sem máli skipti þegar kemur að markaðssetningu. Ganga þurfi lengra í því að draga fram sérstöðuna.

Ertu að tala um náttúruna hér eingöngu eða menninguna og mannlífið einnig?

„Ekki síður menninguna og mannlífið. Það má til dæmis taka mið af íslenskri tónlist og hvað hún hefur gert gríðarlega mikið gagn fyrir íslenska ferðaþjónustu og ímynd landsins. Sigur Rós og nú síðast Of Monsters and Men eru kannski nýjustu dæmin um þetta en það má nefna mörg fleiri eins og Björk vitaskuld. Það hefur verið stórkostlega gaman að upplifa þetta í gegnum starfið. Við höfum tengst tónlistinni sterkum böndum í gegnum Músíktílaunir, starfsemi Útón [Útflutnings-skrifstofu íslenskrar tónlistar] og tónlistarhátíðina Iceland

Airwaves, svo eitthvað sé nefnt. Tónlistin er dæmi um hvernig eitthvað alveg sérstakt getur styrkt ímynd Íslands og líka rekstrarumhverfið í ferðaþjónustunni. Áhrifin eru það mikil og djúp að þetta hefur jákvæð efnahagsleg áhrif líka þar sem tónlistin býr til aðdráttarafl og eykur áhuga fólks á landinu. Ég tel að við þurfum að gera meira af því að nýta þá sérstöðu sem liggur í menningarlífinu, sögunni og uppruna okkar, sem er jafn áhugaverð og stórkostlegar náttúruperlur landsins.“

Varðandi náttúruna og ferðaþjónustuna. Þarf að ráðast í frekari uppbyggingu á vinsælum ferðamannastöðum að þínu mati?

„Það þarf að huga að þessum hlutum betur og byggja upp nauðsynlega innviði við náttúruperlur. Það er óhjákvæmilegt. Ég kom nýverið í Þjóðgarð í Alaska sem er svipaður að stærð og Þingvellir. Það var mjög áhrifamikið. Það sem var athyglisvert við þá heimsókn var ekki síst það að gestir snertu aldrei náttúruna heldur gengu eftir góðum viðarstígum. Þetta gerði svæðið móttækilegra fyrir þeim mikla fjölda gesta sem þarna kemur og verndaði einstakar náttúruperlur um leið. Þetta kom heldur ekkert niður á upplifuninni. Hugmyndir sem hafa komið fram, meðal annars frá [ráðgjafarfyrirtækinu] Boston Consulting Group um sérstakan passa sem gildir í Þjóðgarða og að náttúruperlunum okkar, tel ég vera góðar. Það þarf að útfæra þetta vel og finna leið til þess að styðja við uppbyggingu á þeim stöðum þar sem er tekið á móti mörgum ferðamönnum. Þetta þarf að hanga saman við heildarupplifunina sem ferðamenn finna fyrir á þessum svæðum og vera hluti af því að taka vel á móti fólkinu sem kemur hingað til lands.“

Birkir segist sannfærður um að ferðaþjónustan eigi bjarta framtíð á Íslandi. Hann segist ekki óttast offjárfestingu í greininni, þar á meðal í hótelum og gistirýmum, þrátt fyrir mikla uppbyggingu þessi misserin víða um land, ekki síst í Reykjavík, en hefur vissulega áhyggjur af gæðunum. Vitaskuld verði líka að passa að eyða ekki um efni fram. „Sögulega hefur uppbyggingin á gistirýmum hangið saman við eftirspurnina og vöxtinn í greininni, sem er hraður um þessar mundir. Það standa líkur til þess að ferðamenn verði yfir milljón á ári innan ekki langs tíma og þá skiptir máli að innviðirnir séu sterkir.“

Eigin viðskipti fjögurra starfsmanna og maka þeirra í framhaldi af innlánagreiningu.

Ráðstafaði hagnaði eftir niðurfellingu

FJÁRMÁL

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Hannes Frímann Hrólffsson, fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri markaðsviðskipta Kaupþings og forstöðumaður í gjaldeyris- og afleiðumiðlun hans, ráðstafaði hagnaði vegna gjaldeyrissamninga sem hann gerði eftir að erlendar skuldir hans vegna hlutabréfakaupa í Kaupþingi voru felldar niður af stjórn Kaupþings. Hann millifærði alls 117,5 milljónir króna inn á venslaða aðila í október 2008, sem PwC telur að sé hagnaður vegna gjaldeyrissamninga,



k

Greinargerð PwC um
viðskipti fjögurra stjórn-
enda Kaupþings



Hannes Frímann Hrólfsson

k

Yfirlýsing Hannesar
Frímans Hrólfssonar vegna
umfjöllunar Kjarnans
24. október 2013

nokkrum vikum eftir að stjórnin hafði tekið þá ákvörðun. Hannes segir samningana hafa verið gerða til að verja erlend lán sem hann var með fyrir sveiflum. Gerð slíkra samninga er ekki ólögleg á neinn hátt. Dómstólar riftu síðar ákvörðun um niðurfellinguna og Hannes hefur samið um málalok við slitastjórn Kaupþings.

Kjarninn fjallaði um greinargerð sem endurskoðunar-
fyrirtækið PwC vann fyrir slitastjórn Kaupþings í síðustu viku. Umrædd greinargerð er dagsett 23. mars 2012 og tilgangur hennar var að skoða álitamál sem hugsanlega mætti taka áfram til riftunar eða sem grunn að skaðabótamáli gagnvart fjórum fyrrverandi stjórnendum Kaupþings: Hannesi Frímanni Hrólfssyni, Ingvari Vilhjálmsyni, Steingrími P. Kárasyni og Þórarni Sveinssyni.

Segir samningana verja erlend lán sem voru til staðar

Hannes sendi í síðustu viku frá sér yfirlýsingu vegna umfjöllunar Kjarnans. Þar segir að í umfjölluninni, sem er að mestu endursögn á greinargerð PwC, hafi verið látið í veðri vaka að hann hafi „gert gjaldeyrissamninga til að hagnast á falli krónunnar. Það er röng og villandi framsetning enda kemur fram síðar í umfjölluninni að samningarnir hafi verið gerðir til að verja erlend lán sem voru til staðar“.

Síðar í yfirlýsingunni vikur Hannes aftur að þessum vörnum. Þar segir hann að innan Kaupþings hafi verið til staðar kaupréttarkerfi „þar sem lykilstarfsmenn keyptu hlutabréf í bankanum gegn láni, eins og alþekkt er af umfjöllun. Í mínu tilfelli var um að ræða erlend lán til kaupa á hlutabréfum í krónum. Þeir gjaldeyrissamningar sem nú eru til umfjöllunar er hin hliðin á því máli. Þannig myndaðist tap á lánasamningunum en hagnaður á móti af gjaldmiðlasamningunum. Því er það rangt sem haldið er fram að um stöðutöku gegn krónunni hafi verið að ræða“. Hannes vildi engu bæta við yfirlýsinguna þegar Kjarninn hafði samband við hann.



Kaupþing

Rannsóknarnefnd Alþingis sagði að bankinn hefði vísvitandi felld krónuna til að búa til hagnað fyrir sig og vildarviðskiptavinum. Fyrirverandi stjórnendur hans hafa hafnað þeirri niðurstöðu.

Átti ekki að greiða tapið

Eins og kom fram í Kjarnanum í síðustu viku gerði Hannes tvo framvirka gjaldmiðlasamninga þar sem hann keypti framvirkt íslenskar krónur tengdar gengisvísitölunni á móti íslensku krónunni. Tilgang samninganna sagði Hannes vera að verja erlend lán, eins og kemur fram í yfirlýsingu hans. Hann greiddi hins vegar einungis 2,2 milljónir króna af erlendum lánum frá febrúarlokum 2007 og fram í byrjun ágúst 2008. Því verður að teljast líklegt að Hannes hafi viljað meina að hann hafi verið að verja höfuðstól lánanna gegn sveiflum, ekki einstakar afborganir. Alls mynduðu þessir tveir samningar 157,5 milljóna króna hagnað.

Þegar samningarnir voru gerðir upp í apríl 2008, um mánuði eftir að þeir voru upphaflega gerðir, var hagnaður þeirra lagður inn á vörslureikning Hannesar en samdægurs fluttur inn á bankareikning hans.

Stjórn Kaupþings aflétti öllum persónulegum ábyrgðum á lánum sem bankinn hafði veitt til starfsmanna sinna

„Stjórn Kaupþings aflétti öllum persónulegum ábyrgðum á lánum sem bankinn hafði veitt til starfsmanna sinna með ákvörðun sem tekin var 25. september 2008.“



Dómur héraðsdóms í máli Kaupþings gegn Hannesi Frímanni Hrólfssyni

með ákvörðun sem tekin var 25. september 2008. Völdum starfsmönnum hafði einnig verið gert kleift að færa lánin inn í hlutafélög áður en kom að þeirri ákvörðun, og losna þar með við persónulega ábyrgð á lánunum. Slitastjórn bankans hefur síðar fengið þessum ákvörðunu að mestu rift með fjölmörgum dómsmálum. Eitt þeirra dómsmála var höfðað gegn Hannesi.

Ábyrgðir felldar niður 19. september 2008

Í því kemur fram að Kaupþing hafi felld niður persónulegar ábyrgðir Hannesar hinn 19. september 2008, þegar hann færði skuldir vegna hlutabréfakaupa sinna í Kaupþingi inn í einkahlutafélag í sinni eigu. Eftir þann dag taldi Hannes sig ekki vera í neinum ábyrgðum vegna umræddra lána, sem voru samtals upp á 1,5 milljarða króna.

Frá 3.-13. október 2008, eftir að ábyrgð Hannesar á erlendu lánunum sem hann sagðist hafa verið að verja var felld niður, og hann hafði enga ástæðu til að ætla annað en að hann þyrfti aldrei að greiða þau til baka, millifærði Hannes 117,8 milljónir króna út af bankareikningi sínum á fjölskyldu-meðlimi og aðra venslaða aðila. Í skýrslu PwC kemur fram að þessi fjárhæð hafi, að minnsta kosti að hluta, verið hagnaður vegna gjaldeyrisviðskipta Hannesar. Til að undirstrika þann skilning eru millifærslur á milli reikninga Hannesar frá apríl og fram í október 2008 raktar.

Hefur samið við slitastjórn og gert upp

Héraðsdómur var ósammála þessari málsvörn og dæmdi að Hannes, sem í dag er forstjóri fjármálafyrirtækisins Auðar Capital, ætti að endurgreiða lánin. Hann samdi síðar við slitastjórn Kaupþings um málið en ekki hafa fengist upplýsingar um hversu mikið hann greiddi.



Jól bragðlaukanna hefjast 20. nóvember á Sjávargrillinu

Jólagrillpartí Sjávargrillsins - Harður pakki fullur af mykt, fjöllaga góðgæti sem skilar hinni sönnu upplifun yls, friðar og allsnægtu. Afgreitt fyrir borðið í heild. Verð 8.700 á mann.

Sælkerapakkinn Sjávargrillsins - fjöggra rétta hátíðarblanda fjölbreytileika og ferskra hugmynda í bland við hefð. 7.900 á mann.

Litlujólín - í hádeginu eru litlujólín sem reyndar eru fullvaxin briggja rétta jólaveiða, forréttur er jólaplatti aðalréttur, kjöt- eða fiskitvenna og í eftirrétt, ris ála mandé með heltri karamellusósu með jólabragði.

Fílubomba og fínmeti - Skötuilmurinn liðast upp eftir Skólavörðustígnum á Þorláksmessu 11:30 til 16:00 Verð 4.900 á mann
Pantið tímanlega, nú þegar farið að þéttast í árlega Skötuveislu Sjávargrillsins.



SKÓLAVÖRÐURSTÍGUR 14 • 101 Reykjavík
www.sjavargrillid.is • Sími 571 1100

Opnunartími yfir hátíðarnar.

23. des 11:30-16:00 & frá 17:00

24. & 25. des lokað 26. des frá 17:00

31. des 11:30-16:00 & frá 17:00 1. jan frá 17:00



Klæddu þig í tæknina

TÆKNI
Guðmundur
Jóhannsson

Á

ður en Apple kynnti iPhone árið 2007 hafði tæknileg framþróun farsíma verið hægt en fyrirtæki eins og Nokia og Motorola seldu þó mikið magn af sínum og enginn virtist geta ógnað sterkri stöðu þeirra. Í dag eru þessir gömlu risar búnir að fara í gegnum ófáar skipulagsbreytingar með tilheyrandi hópuppsögnum og hrókeringum á æðstu yfirmönnum til að rétta sinn hlut og svara aukinni samkeppni, sem virtist koma þeim að óvörum. Á stuttum tíma töpuðu þeir markaðsráðandi stöðu sinni og enduðu báðir á því að skipta um eigendur. Microsoft keypti farsímahluta Nokia fyrir 840 milljarða íslenskra króna og Google keypti farsímahluta Motorola fyrir um 1.600 milljarða



Íslenskra króna sé miðað við gengi þess tíma þegar kaup beggja gengu í gegn.

Í dag eru snjallsímar til af öllum stærðum og gerðum og framleiðendur þeirra keppast við að toppa hver annan með misjafnlega merkilegum nýjungum sem þeir svo auglýsa sem næsta tækniundur og lausn allra okkar vandamála sem við eigum ekki að getað lifað án.

Ef litið er á flaggskip allra framleiðenda og þau stýrikerfi sem keyra þessa síma kemur í ljós að þeir eru flestir nauðalíkir. Innvols símanna er hætt að skipta jafn miklu máli og það gerði í upphafi, allir hafa þeir tveggja, fjögurra eða átta kjarna örgjörva keyrandi á mismunandi klukkuhröðum, háskerpuskjái, góðar myndavélar og viðunandi rafhlöðuendingu. Í öllum þessum látum að koma snjallsímanum á þann stað sem einkatölvan var á tæknilega fyrir fáeinum árum hefur ekkert gerst í rafhlöðum, sem er efni í aðra grein.

Munurinn fólgin í stýrikerfum

Munurinn á þessum flaggskipum er fólgin í því hvaða stýrikerfi þeir hafa að bera og hvaða þjónustu þessi stýrikerfi færa okkur. Öll hafa þau sína kosti og galla, mismunandi nálganir og henta misjafnlega vel eftir því hvað á að fá út úr tækinu. Samt sem áður eru þau nauðalík í flestum stærri atriðum, þó að menn geti endalaust rökrætt um hin og þessi atriði án þess að komast að niðurstöðu. Rétt eins og rifist var um hvort Wham! eða Duran Duran væri betri.

En hvert er næsta tækniundrið og lausn allra vandamála okkar? Varla er það að fletta í gegnum tölvupóstinn með því að renna fingrum yfir skjáinn eða að snjallsíminn stöðvi sjálfkrafa myndbandsspilun þegar hann skynjar að þú ert ekki að horfa. Er beygt gler þannig að síminn falli betur að hendi það sem allir eru að bíða eftir?

Næsta skref segja margir að sé fólgið í klæðanlegri tækni (e. wearable computing). En hvað er klæðanleg tækni? Snjallúr, gleraugun frá Google og lífsstíls mælar margs konar myndu allir falla undir slíka skilgreiningu.

Það að tæki geti verið hluti af notanda þess innan eða



Smelttu til að horfa
á myndband um
Pebble

utan klæða og styðji fjölverkavinnslu (e. multitasking) þannig að það hafi ekki áhrif á það sem notandinn er að gera þegar tækið þarfnast aðgerða er ágæt en heldur þurr lýsing á klæðanlegri tækni.

Þannig má nefna snjallúrin sem fengið hafa talsverða athygli nýverið eftir að Samsung setti Galaxy Gear snjallúr sitt á markað. Margir sögðu það fyrsta alvöru snjallúrið þó að Sony hafið komið með aðra kynslóð af sínu snjallúri á markað talsvert löngu áður. Fleiri snjallúr eru til sem hafa margt sameiginlegt með Samsung-úrinu þó að sömu upphæðum hafi ekki verið eytt í markaðsvinnu.

Snjallúrin eru merkileg að því leyti að þau taka þekktan hlut, úrið, og reyna að bæta hann og auka virkni hans. Það að hægt sé að líta á úrið þegar síminn hringir í stað þess að taka upp símann úr vasanum styttr það ferli og er einhvern veginn eðlilegri hreyfing. Flest getum við litið á úrið okkar án þess að það trufla mikið það sem við erum að gera en þegar við tökum síma upp úr slim-fit buxnavasa stoppar það spjall eða göngu og truflar akstur. Snjallúrin taka síðan við margs konar tilkynningum frá snjallsímanum sem hvílir í vasanum og þannig má vera með það á hreinu hvað er að gerast, allt bara með því að líta rétt á úrið.

Vandamálið við Galaxy Gear er að það virkar eingöngu á valin Samsung-tæki og það er takmarkað hvað er hægt að láta snjallúrið gera þegar kemur að tilkynningum sem koma í snjallsímann. Samsung hefur síðan reynt að bæta við nýjungum eins og að setja myndavél í snjallúrið og hljóðnema þannig að hægt sé að taka símtöl. Menn hafa þó ekki verið að gleypa þær nýjungar svo glatt enda ekki eins töff og það hljómar að vera eins og Dick Tracy eða áhafnarmeðlimur á geimskipinu Enterprise.

Úr og gleraugu

Pebble-snjallúrið er gott dæmi um snjallúr sem einblínir á grunnvirkni. Pebble Technologies sem framleiðir úrið gat ekki tryggt sér fjármagn hjá fjárfestum og leitaði því til internetsins og setti upp Kickstarter-síðu. Það var tvær

ns í iPad

aðeins í iPad

aðei

**Kjarninn býður nú upp á
meira af gagnvirku
efni í iPad-útgáfu
sinni en áður.**

**Með því að lesa
Kjarnann ekki í iPad þá
ertu að missa af þeirri
dásamlegu upplifun.**



kjarninn



Available on the
App Store



Smelltu til að sjá myndband sem sýnir virkni Glass

klukkustundir að ná 100.000 dollara markmiði sínu og endaði í 10 milljónum dollara. Úrið getur bæði talað við Android- og iPhone-síma, hægt er að stilla talsvert betur hvað fer á milli snjallúrsins og snjallsímans og engin er mynda-vélin eða hljóðneminn. Snjallúrið er síðan með svarthvítum skjá sem svipar til þess sem er í lesbrettinu Kindle frá Amazon. Þannig endist rafhlaðan talsvert lengur en í Galaxy Gear, en slíkir skjáir eru ekki orkufrekir.

Klæðanleg tækni er þó ekki bara snjallúr. Google Glass-gleraugin frá Google eru enn eitt dæmið um þá miklu þróun sem er í þessum geira. Þar tekur Google mögulega enn einfaldari hlut en úrið og ætlar að bæta grunnvirkni hans.

Í glerauginum er lítill skjár sem notandinn sér alltaf út undan sér. Skjárinn er þó þannig samkvæmt þeim sem hafa prófað Google Glass að hann þvælist ekki fyrir og byrgir sýn heldur fellur hann vel inn í umhverfið. Gleraugin sýna síðan tilkynningar frá mörgum kjarnaþjónustum Google eins og Gmail, Google Maps og Google+ og með raddstýringum er hægt að svara tölvupósti, biðja gleraugin um leiðbeiningar um hvernig skuli til dæmis finna næsta hraðbanka, senda SMS og taka ljósmynd og senda á mömmu. Gleraugin eru með innbyggða myndavél sem gerir þau spennandi því hún sýnir fyrstu persónu sjónarhorn og sá sem ber gleraugin verður því ekki fyrir neinni truflun við upptöku. Þannig sér Google fyrir sér að gleraugin eigi eftir að nýtast í kennslu, iðnaði og rannsóknarstofum þar sem aðgengi er mögulega takmarkað. Gleraugin má nota hreinlega sem fjarfundar-búnað, í gegnum Hangouts þjónustu Google auðvitað, og þannig má vera með beina útsendingu fyrir lokaðan hóp eða á YouTube sem er enn ein Google-þjónustan.

Lífsstílsmaelar ryðja sér til rúms

Lífsstílsmaelar eru enn eitt dæmið um klæðanlega tækni. Nike, FitBit, Jawbone og fleiri framleiðendur hafa tekið stór skref inn á þennan markað með því að búa til armbönd sem fylgjast með og mæla skref, hlaup, svefn og margt fleira sem snýr að heilsu manna og sýna notandanum þessi gögn á

skilmerkilegan og læsilegan hátt annaðhvort í tölvu eða appi.

Fleiri dæmi um slíka lífsstílmæla eru nemar fyrir sykursjúka sem fylgjast með og láta vita ef einhver inngríp þurfa að eiga sér stað. Mælirinn getur þá sent skilaboð í snjallsímann, SMS eða tölvupóst. Notagildi slíkra mæla er ótvírætt. Þannig gætu svona mælar auðveldað læknum að fá svör við einföldum spurningum sem oft getur verið erfitt að svara. Hversu lengi situr þú á hverjum degi? Hversu mörgum hitaæiningum brennir þú á dag? Hversu oft ferðu í ræktina í hverjum mánuði? Enginn þarf að giska heldur liggja þessar upplýsingar fyrir, þökk sé mælinum.

Öll þessi fyrstu skref eru spennandi, því snjallsíminn er farinn að teygja sig þráðlaust út fyrir vasann og tengjast fleiri og fleiri tækjum í gegnum Bluetooth eða önnur þráðlaus net. Þannig nettengir hann þessi tæki, safnar upplýsingum frá þeim til að sýna og vinnur þau áfram. Eftir tíu ár verðum við öll eins og áhafnarmedlimir á geimskipinu Enterprise.



Kremlar- klönin

Valdabarátta bak við tjöldin



Deildu með
umheiminum



Undanfarna mánuði hefur Vladímír Pútín Rússlandsforseti sýnt tilburði til þess að herða tök sín enn frekar á rússnesku samfélagi. Meðal ástæðna þess eru fjölmenn mótmæli gegn honum og stjórnvöldum. Raunveruleg stjórnarandstaða er komin upp á yfirborðið og við því ætla stjórnvöld að bregðast af hörku.

Á sama tíma og þetta á sér stað fer fram valdabarátta sem sumir lýsa sem stríði milli klíkanna í kringum forsetann. Fréttaskýrendur þykjast í það minnsta margir sjá að sitthvað skrytið eigi sér nú stað á bak við tjöldin í Kreml.

Mál stjórnarandstæðingsins Alexei Navalny er besta dæmið um það, en hann var handtekinn og dæmdur í fimm ára fangelsi í sumar. Eftir mikil mótmæli var honum sleppt úr haldi innan við sólarhring eftir að dómur var kveðinn upp yfir honum. Honum var einnig leyft að bjóða sig fram til borgarstjóra í Moskvu, á meðan áfrýjun á málinu var til meðferðar fyrir dómstólum. Hann tapaði kosningunum, eins og búist var við, en hlaut tæplega þrjátíu prósent atkvæða. Það telst stórsigur fyrir stjórnarandstæðing. Fyrr í þessum mánuði komst áfrýjunardómstóll að þeirri niðurstöðu að Navalny væri sekur um þjófnað en dómurinn yfir honum var skilorðsbundinn. Það þýðir að hann er frjáls ferða sinna en má ekki bjóða sig fram í kjörið embætti.

Flestir eru sammála um að stjórnvöld hafi haft mikið um einkennilega framvindu málsins að segja, og er hún talin til merkis um breytingar á baráttunni milli valdahópa.

Hverjar eru klíkurarnar?

Á bak við tjöldin í Kreml takast á flóknir hópar valdamanna, sem hafa áhrif á Pútín forseta með ýmsum hætti. Hóparnir eru oft uppnefndir klön og margir hafa reynt að skilgreina hópana. Flestir eru sammála um tilvist að minnsta kosti tveggja valdaklíka en sumir telja þær allt að tíu. Mikill hluti stjórn mála í Rússlandi myndi flokkast sem óformleg stjórn-mál og fer fram bak við luktur dyr en ekki í þinginu. Hlutir eru ákveðnir á reglulegum en óformlegum fundum með

Þrír valdamestu siloviki-mennirnir



VIKTOR IVANOV

Ivanov er nú yfirmaður fíkniefnamála í Rússlandi. Hann hefur meðal annars verið yfirmaður leyningjónustunnar og stjórnadð starfsmannamálum forsetans. Hann er talinn einn nánasti samstarfsmaður Pútíns.

Dragðu myndirnar til hægri eða vinstri til að sjá næsta valdamann



Lestu fjölbreytta umfjöllun
The Economist um siloviki og
rússnesk stjórnmál

forsetanum, sem engar fundargerðir eða önnur sönnunar-
gögn eru til um. Aðeins hluti ríkisstjórnarinnar situr fundi
af þessu tagi, auk þeirra sem eru í innsta hring starfsfólks
forsetans. Klönin svokölluðu koma að mörgu leyti í stað hefð-
bundinna stjórnmálaflokka, sem hafa veika stöðu.

Valdameiri hópurinn er yfirleitt nefndur siloviki, sem
gæti á íslensku útlagst sem völd eða styrkur. Hópurinn
dregur nafn sitt af því að langflestir þeirra sem honum
tilheyra störfuðu í leyniþjónustunni, lögreglunni eða hernum
eins og forsetinn sjálfur. Þessi hópur manna var farinn að
hafa áhrif á meðan Boris Jeltsín var forseti en völdin jukust
til muna í fyrri forsetatíð Pútíns. Undir stjórn Dimitrís
Medvedev dró aðeins úr fjölda þeirra í stjórnunarstöðum
en þeir hafa sótt í sig veðrið á ný eftir að Pútín hóf þriðja
kjörtímabil sitt. Þessi hópur ber ábyrgð á því að risastór
auðlindafyrirtæki, sem voru einkavædd í tíð Jeltsíns, voru
aftur færð í eigu ríkisins. Óligarkar Jeltsíns voru hraktir á
brott og menn úr siloviki-hópnum stjórna nú flestum fyrir-
tækjanna. Siloviki-menn vekja ótta margra, enda hafa þeir
alla burði til að notfæra sér leyniþjónustuna og aðra slíka
innviði samfélagsins sér til framdráttar, og þá gegn keppi-
nautum sínum.

Hinn hópurinn er kallaður frjálslyndur, þótt hann teljist
það ekki á vestrænan mælikvarða. Uppistaðan í þessum hópi
er lögfræðingar, hagfræðingar og embættismenn sem margir
hverjir eru frá Sankti Pétursborg og þekkja forsetann þaðan.
Dimitrí Medvedev, forsætisráðherra og fyrrverandi forseti,
tilheyrir þessum hópi manna. Hópurinn er hlynntari alþjóða-
væðingu, opnu markaðshagkerfi og einkavæðingu upp að
vissu marki.

Áframhaldandi barátta um yfirráð

Hafa ber í huga að þessir tveir hópar breytast ört og eru langt
frá því að vera samrýmdir og einhuga. Þrátt fyrir að þeir
berjist um völdin eru þeir ekki gjörólíkir. Það sem þá greinir
helst á um eru efnahagslegir þættir. Báðir hóparnir eru
fylgjandi mjög sterku ríki, sem sýnir jafnvel einræðistilburði

og hefur sterkan leiðtoga. Leiðtoginn Pútín er það sem sam-
einar þá og veitir þeim völdin, og hann er yfir flokkadrættina
hafinn. Báðir hóparnir þarfnast hans og hann þarfnast þeirra
beggja og hefur reynt að halda nokkurs konar jafnvægi á
milli þeirra.

Undanfarið hefur forsetinn þó verið talinn hallast enn
meira að siloviki-mönnum. Það skýrist að einhverju leyti af
mótmælunum og tilraunum til að stemma stigu við þeim
og annarri andstöðu gegn honum. Þá hefur fjöldi ríkra
þingmanna hætt störfum á árinu, eftir að nýjar reglur um
takmörkun á eignum þeirra erlendis voru samþykktar. Sú
ráðstöfun hefur opinberlega verið sögð til að stöðva spill-
ingu, sem enn er gríðarleg í rússneskum stjórnámálum, en
sérfræðingar segja margir að hún sé í raun hluti af til-
raunum forsetans til að herða tök sín og draga úr tengslum
við útlönd.

Staða forsætisráðherrans Medvedevs hefur einnig veikt
mikið frá því að hann þurfti að víkja sem forseti fyrir Pútín.
Ráðgjafar sem hann réði til forsetaembættisins hafa verið
láttnir hætta og yfirheyrðir vegna meintra lögbrota. Margir
skipta klíkunum tveimur upp í þá sem eru með og á móti
Medvedev, og völd andstæðinga hans hafa aukist undanfarið.

Áframhaldandi mótmæli og háværingi andstaða gegn
stjórnvöldum mun aðeins halda áfram að auka á spennuna
milli valdaklíkanna í Rússlandi. Það gæti þó liðið langur tími
þar til spennan kemst enn meira upp á yfirborðið, ef það
gerist, enda enn fjögur og hálf ár eftir af kjörtímabili Pútíns.
Ekki er langt síðan hann gaf í skyn að hann hygðist bjóða sig
fram til fjórða kjörtímabilsins og þá gæti hann verið forseti
Rússlands allt til ársins 2024.



Milljónir hafa séð tónleikana á Kex

TÓNLIST

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Airwaves-tónleikahátíðin er byrjuð með metnaðarfullri dagskrá. Kex hostel lætur ekki sitt eftir liggja, en „off-venue“ tónleikaröð er á Kex í samstarfi við bandarísku útvarpsstöðina KEXP. Þetta er þriðja árið í röð sem tónleikaröðin fer fram á Kex og í öll skiptin hefur verið bein útsending á KEXP. Samhliða hafa myndbönd af listamönnum sem komið hafa fram á tónleikunum verið tekin upp og þeim dreift á Youtube. Myndböndin hafa fengið gríðarlega mikið áhorf; ríflega 35 milljón sinnum hefur verið horft á fjölmörg myndbönd íslenskra listamanna sem komið hafa fram á tónleikunum á Kex í tengslum við Airwaves.

Að þessu sinni eru 25 atriði á tónleikaröðinni, sem hófst formlega í gær. Fimm tónlistaratriði eru á hverjum degi, frá eitt á daginn til níu á kvöldin, fimm daga í röð á meðan Airwaves stendur yfir. Af þessum 25 flytjendum eru 22 íslenskir.



**John Grant flytur Where
Dreams Go to Die á tónleik-
um á Kex á Airwaves 2011**



TÓNLEIKADAGSKRÁIN Á KEX Á AIRWAVES

Miðvikudagur 30. október

Bein útsending á KEXP.ORG

13.00 Samúel Jón Samúelsson

Big Band

15.00 Emiliana Torrini

17.00 Caveman

18.30 Valdimar

20.30 Borko

Fimmtudagur 31. október

13.00 Snorri Helgason

15.00 My Bubba

17.00 Mono Town

18.30 Pétur Ben

20.30 Boogie Trouble

Föstudagur 1. nóvember

13.00 John Grant

15.00 Vök

17.00 Grísalappalísa

18.30 Moses Hightower

20.30 Ásgeir

Laugardagur 2. nóvember

13.00 Kippi Kaninus

15.00 Bloodgroup

17.00 Múm

18.30 Rökkurró

20.30 Muck

Sunnudagur 3. nóvember

13.00 Nite Jewel

15.00 Japam

17.00 Berndsen

18.30 Hermigervill

20.30 Gluteus Maximus



Smelltu til að skoða
Facebook-síðu
tónleikanna



Smelltu til að horfa á
atriði á fyrri tónleikum



Áskriftin
vinnur
fyrir þig!

EKKI MISSA AF MILLJÓNUM

TRYGGDU ÞÉR ÁSKRIFT Á LOTTO.IS

EURO
JACKPOT

- FÖSTUDAGUR TIL FJÁR -

1	2	3	4	5	★
6	7	8	9	10	★
11	12	13	14	15	★
16	17	18	19	20	★
21	22	23	24	25	★
	27	28	29	30	★




Stúlkan sem ógnaði talibönunum

BÆKUR
Dögg Hjaltalín

Bókin *I Am Malala* er ævisaga sextán ára stúlku sem ógnaði talibönunum svo mikið að þeir reyndu að myrða hana en sem betur fór tókst þeim ekki ætlunarverk sitt. Ógnin sem stafaði af Malölu var sökum athyglinnar sem hún hafði vakið á því óréttlæti að stelpur mættu samkvæmt talibönunum ekki sækja skóla.

Malala er duglegur og metnaðargjarn námsmaður, sinnir námi sínu vel og leggur mikið upp úr því að vera best í bekknum. Hún á ekki langt að sækja þennan mikla námsáhuga því faðir hennar rekur skóla og stofnaði sinn fyrsta



Heimildamynd
New York Times
um Malölu

skóla slyppur og snauður með hugsjónina eina að vopni. Móðir Malölu er ólæs og hætti sjálf skólanámi aðeins á fyrsta ári og sá ekki eftir því fyrir en eftir að hafa kynnst föður Malölu og þeim ævintýraheimum sem orð geta skapað, en faðir Malölu var duglegur að lesa fyrir móður hennar og fara með ljóð fyrir hana.

Í Pakistan er mælska í miklum metum og er keppt í framsögu og ræðumennsku í Swat-dalnum þar sem Malala ólst upp. Faðir hennar vann slíkar keppnir með aðstoð föður síns og lagði Malala mikla áherslu á að feta í fótspor föður síns með því að taka þátt í slíkum keppnum og skrifa ræður. Eftir að hafa lesið um þennan hluta uppvaxtar Malölu áttar maður sig betur á því hvers vegna hún er svo skýr og rökföst þegar hún talar fyrir framan myndavélar og fólk.

Malala lýsir uppvaxtarárum sínum sem friðsælum, erfiðum en hamingjuríkum. Hún líkir Swat-dalnum við paradís á jörð en hann hefur verið átaka-svæði pakistanska hersins og talibana þannig að mannfall hefur verið gríðarlegt þar og talibanar framið fjöldamorð þar á saklausum borgurum. Þegar við lesum fréttir af svona átökum vill maður oft gleyma að inni á milli býr venjulegt fólk, eins og unglingsstúlkan Malala, sem hlustar á Justin Bieber og Beyoncé, les Twilight-seríuna, horfir á Ugly Betty og Masterchef, dýrkar Angelinu Jolie og lætur sig dreyma um bjarta og hamingjuríka framtíð.

Malala þráði skiljanlega að vera í skóla, læra, hitta vini sína og lifa eðlilegu lífi. Þessum sjálfsögðu mannréttindum voru talibanar á móti og fengu þeir sem virtu ekki bann þeirra að kenna á því. Faðir Malölu hélt þó áfram kennslu þrátt fyrir að nemendum fækkaði og sömuleiðis kennurum sökum ótta við að hljóta skaða af. Föður hennar bárust hótunarbréf og var lífi hans ógnað. Malala talaði opinskátt um rétt stúlkna til skólavistar og varð vinsæl, hlaut bæði





Dagbókarfærslur Malölu
undir dulnefni síðustu
dagana áður en talíbanar
létu loka skólanum
hennar



Ræða Malölu hjá Sam-
einuðu þjóðunum á 16 ára
afmælisdegi sínum

viðurkenningar fyrir baráttu sína og var boðið að tala opinberlega sem og ræða við fjölmiðla. Þessi athygli varð til þess að talíbanar ákváðu að stöðva skólabílinn einn dag í október 2012 og skjóta Malölu í höfuðið og særðu byssukúlurnar tvær aðrar stúlkur í vagninum. Sem betur fer lifði Malala af en fyrir tilviljun voru breskir læknar staddir nálægt hersjúkrahúsinu sem hún gekkst undir aðgerð á og fyrir þeirra tilstilli var hún flutt til Bretlands þar sem hægt var að hlúa betur að sárum hennar og endurhæfingu við hæfi.

Andstæðingar Malölu hafa kynt undir sögusagnir um að hún sé notuð af föður sínum í áróðursskyni og að barátta hennar hafi pólitískan undirtón. Faðir Malölu mótar auðvitað skoðanir hennar og lífsviðhorf rétt eins og foreldrar hafa áhrif á börnin sín. En það dregur alls ekki úr áhrifamætti boðskapar Malölu, sem er það sem skiptir öllu máli. Skilaboð Malölu eru mjög skýr; allir eiga rétt á menntun því þekking veitir frelsi og skilning til að vita hvað er rétt og rangt.

Malala er sú yngsta sem hefur verið tilnefnd til Friðarverðlauna Nóbels og á hún þessa tilnefningu og svo margar aðrar sem hún hefur hlotið fyllilega skilið. Malala er drifin áfram af einstöku hugrekki og gríðarlegri hugsjón. Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað einn dag ársins rétti barna til að öðlast menntun. Dagurinn, 10. nóvember, ber nafn Malölu.

Það er ekki hægt annað en að hrifast af sögu Malölu, hugrekki hennar og ríkri réttlætiskennnd. Frásögnin er krydduð með ljóðum og orðatiltækjum frá Pakistan sem gæðir hana enn meira lífi, sýnir hversu vel lesin Malala er og gefur innsýn í hvernig hún kryddar sín eigin skilaboð á móðurmáli sínu.

Saga Malölu er þörf áminning um að börn í dag búa ekki öll við þau sjálfsögðu mannréttindi að geta menntað sig og í Pakistan eru yfir fimm milljón börn sem fara ekki í grunnskóla. Eins og Malala segir sjálf: „Ég veit hversu mikilvæg menntun er því pennarnir mínir og bækurnar voru teknar af mér með valdi.“



Pasta með beikoni, döðlum og vínberjum

MATUR
Berglind
Guðmundsdóttir

Á

haustin er gott að fá sér matarmikla og seðjandi pastarétti. Beikon og döðlur í þessum rétti eiga vel saman sem endranær, hvort tveggja kröftugt og afgerandi, en vínberin gefa smá sætu og fínleika á móti. Hér er á ferðinni sannkallaður sælkeraréttur, fljótlegur og einfaldur í gerð.

UPPSKRIFT FYRIR FJÓRA (ELDUNARTÍMI 20 MÍNÚTUR):

- 400 g spagettí
- 1½ kjúklingateningur
- 2 dl vatn
- 100 g rjómaostur
- 2 dl matreiðslurjómi
- pipar
- 2 msk. steinselja, þurrkuð
- 2 tsk. óreganó, þurrkað
- 150 g beikon, smátt skorið
- 120 g sveppir, saxaðir
- 4 hvítlauksrif, söxuð
- 100 g valhnetur, skornar í tvennt
- 300 g rauð vínber, skorin í tvennt
- 180 g döðlur, steinlausar, saxaðar

AÐFERÐ:

- 1 Sjóðið pasta samkvæmt leiðbeiningum á pakkingu.
- 2 Hitið vatnið í potti og setjið kjúklingateninga út í. Bætið rjómaosti og rjóma saman við og hitið að suðu. Kryddið með pipar, steinselju og óreganó. Takið til hliðar.
- 3 Steikið beikonið á þurri pönnu. Bætið því næst við smá olíu og látið sveppi og hvítlauk saman við.
- 4 Hellið rjómaostasósunni út á pönnuna ásamt valhnetunum og látið malla í um 5 mínútur.
- 5 Bætið vínberjum og döðlum saman við sósuna og sósunni síðan saman við pastað.
- 6 Piprið ríflega, berið fram og njótið vel!

Stjórnun • Rekstur • Þróun • Lífið á vinnustaðnum



Er þinn vinnustaður
í hópi metnaðarfullra
fyrirtækja í DOKKUNNI?

Þekking og verðmæt tengsl



Hvað er DOKKAN?

DOKKAN er vettvangur stjórnenda og lykilstarfsmanna sem vilja miðla sín á milli þekkingu, lausnum, hugmyndum og reynslu.

Hvernig virkar DOKKAN?

Í DOKKUNNI fjallar fagfólk um fjölmörg málefni stjórnunar og rekstrar á allt að 80 fræðslufundum yfir vetrartímann. Þannig verður DOKKAN öflugur þáttur í sí- og endurmenntunaráætlunum fyrirtækisins á hreint ótrúlega hagstæðu verði.

Ertu með?

Áskrift að DOKKUNNI opnar lykilmóki fyrirtækisins aðgang að öllum fræðslufundum DOKKUNNAR. Vel á 3ja hundrað fyrirtækja eru áskrifendur að DOKKUNNI í dag.

DOKKAN er einn skemmtilegasti kosturinn á íslenskum fræðslumarkaði.

Vertu með okkur!



DOKKAN

dokkan@dokkan.is
555-7420
www.dokkan.is



Yfir Rússlandi

Slóð smástirnins sem sprakk yfir Tsjeljabinsk í Rússlandi hinn 15. febrúar 2013.

Jörðin í skotlínunni

VÍSINDI
Sævar Helgi Bragason
saevarhb@gmail.com

Föstudaginn 15. febrúar 2013 kom sautján metra breitt smástirni á 53-földum hljóðhraða inn í lofthjúp jarðar. Steinninn sprakk í rúmlega 23 km hæð yfir jörðu, skammt sunnan við borgina Tsjeljabinsk í Rússlandi.

Sprengingin var 30 sinnum öflugri en Hiroshima-kjarnorkusprengjan. Henni fylgdi mikil höggbylgja sem skall á Tsjeljabinsk tveimur mínútum síðar.

Um 1.500 manns slösuðust, flestir þegar rúður sprungu og gleri rigndi yfir fólk. Yfir 7.000 mannvirki urðu fyrir tjóni



sem í heild nam rúmum fjórum milljörðum íslenskra króna. Aldrei í sögunni hafa jafnmargir slasast og jafnmikið eignatjón orðið af völdum smástirnahraps.

Ekki í fyrsta sinn

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem jörðin er í skotlínu smástirna. Hinn 30. júlí 1908 varð enn öflugri sprenging í óbyggðum Síberíu, nærri Tunguska-fljóti, þegar 60-100 metra breitt smástirni sprakk. Sem betur fer dó enginn enda gerðist þetta fjarri mannabyggðum. Hefði smástirnið fallið yfir stórborg eins og Moskvu eða Lundúnir hefðu líklega milljónir manna farist.

Fyrir 65 milljónum ára urðu einar mestu hamfarir í jarðsögunni. Þá rakst á jörðina – þar sem nú er Yucatán-skagi í Mexíkó – smástirni eða halastjarna, 15 sinnum stærra en Esjan. Árekstrar af því tagi verða ekki nema á um 100 milljón ára fresti. Sem betur fer. Risaedlurnar áttu nefnilega mjög slæman dag þegar þetta gerðist.


Afgangsefni frá myndun sólkerfisins

Dag hvern falla að meðaltali 20-40 tonn af loftsteinum til jarðar. Það hljómar mikið en er hverfandi lítið í samanburði við stærð jarðar. Langflestir steinarnir eru agnarsmáir og skaðlausir.

Loftsteinarnir eru lítil brot (innan við einn metri að stærð) úr smástirnum, en smástirni eru 4,5 milljarða ára málm- og bergleifar frá myndun sólkerfisins. Í sólkerfinu eru mörg hundruð milljónir smástirna, flest í belti milli Mars og Júpíters.

Í nágrenni jarðar er líka aragrúi smástirna sem gætu reynst skaðleg. Í október 2013 höfðu fundist ríflega 10.300 smástirni sem komast í námunda við jörðina. Af þeim eru tæplega 1.000 meira en 1 km á breidd – nokkurn veginn af þeirri stærðargráðu sem hefði hnattræn áhrif ef til árekstrar kæmi. Engin hætta stafar þó af þessum smástirnum í náinni framtíð.

Smástirni þarf að vera í kringum 30 metrar eða stærra til



Smástirni

Smástirnið Lútesía á mynd frá Rosetta, geimfari ESA.

að geta valdið miklu staðbundnu tjóni. Áætlað er að næstum 30% af rúmlega 100 metra breiðum smástirnum hafi þegar fundist, en minna en 1% af innan við 100 metra breiðum (þau skipta sennilega nokkrum milljónum).

Hætta á árekstri jarðar við loftstein

Reglulega berast fréttir af smástirnum sem gætu rekist á jörðina. Venjulega eru árekstrarlíkurnar sáralitlar og minnka þegar betri mælingar fást. Ógnin er engu að síður raunveruleg. Þessi misserin vinnur til að mynda nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna að tillögum um viðbrögð alþjóðasamfélagsins við mögulegum smástirnaárekstrum.

Um miðjan október 2013 bárust fréttir af hugsanlega hættulegu smástirni. Sagt var frá smástirninu 2013 TV135 sem





Smelltu til að horfa á myndsekið af Tsjeljabinsk-smástimahrapinu

úkraínskir stjórnufræðingar höfðu fundið snemma í sama mánuði. Það hafði komist næst jörðinni um miðjan september, þá í 6,7 milljón km fjarlægð (rúmlega sautjánföld fjarlægðin milli jarðar og tunglsins), en útreikningar sýndu að það kæmist hættulega nálægt jörðinni árið 2032.

Þótt líkur á árekstri væru aðeins 0,01% voru þær nógu miklar til að menn tækju þessa ógn alvarlega, enda er smástirnið nokkuð stórt, um 400 metrar á breidd. Búast má við að líkurnar minnki þegar betri gögn fást af ferðalagi smástirnisins um sólina.

Áhrif áreksturs smástirnis við jörðina

Áhrifin velta á ýmsum þáttum, svo sem innfallshorni og hraða smástirnisins og hvort það er úr bergi eða jární. Lofthjúpurinn er nefnilega meiri hindrun fyrir bergsteina en járnsteinina. Einnig skiptir máli hvort árekstur verður á sjó eða landi.

Á vefsíðunni [Impact Effects](#) má reikna út áhrif árekstra smástirna af ýmsum stærðum og gerðum við jörðina.

Segjum sem svo að 2013 TV135 sé svipaðrar gerðar og smástirnið sem sprakk yfir Tsjeljabinsk – að það komi inn í lofthjúpin með svipuðum hraða (20 km/s), frá svipuðu horni (um 20 gráður) og rækist á miðhálandi Íslands.

Smástirnið félli á jörðina á um 61.200 km hraða á klukkustund (þúsund sinnum hraðar en ökuhraði bíls). Til yrði 5 km breiddur og 500 metra djúpur gígur. Íbúar á öllu landinu fyndu hitann frá árekstrinum í um mínútu á eftir, á sama tíma og jarðskjálfti upp á 7 á Richter-kvarða skæki landið. Þremur mínútum eftir áreksturinn fengjum við yfir okkur ryk og stöku stærri bergbrot. Tíu mínútum síðar næði öflug höggbylgjan til okkar. Árekstur af þessari stærðargráðu verður á rúmlega milljón ára fresti á jörðinni.



Vegleysuvagnalest sem aldrei varð

BÍLAR

Gísli Svverrisson
gisli@enta.is

Lengsta bifreið veraldar, ef bifreið skyldi kalla, var sú fimmta og jafnframt síðasta í röð torfæru-tækja sem fyrirtækið R. G. LeTourneau smíðaði á nokkurra ára tímabili um miðbik síðustu aldar.


Farartæki þetta var í raun lest 13 vagna sem teygði sig 174 metra. Það er 100 metrum hærra en hin vinsæla mælieining Hallgrímskirkjuturn, 30 metrum lengra en lengstu flutningaskip sem sigla á Íslands strendur.

HLJÓÐLÁTARI BÍLFERÐ MEÐ HJÁLP TÆKNINNAR

Á síðustu áratugum hafa bifreiðar sífellt orðið hljóðlátari, bæði utan þeirra og sérstaklega þó innan. Við tengjum gjarnan gæði bíla við hversu hljóðlátir þeir eru í akstri; því dýrari og betri sem bíllinn er, því minna viljum við heyra af vélar- og umhverfshljóðum meðan á bílferðinni stendur. Til að ná fram þessum kostum þarf að taka tillit til hljóðvistar bílsins á öllum stigum hönnunar, einangrun og alls kyns dempunarbúnaði er komið fyrir í vélsal bílsins og vandlega úthugað hvaða hljóð megi berast til eyrna bílstjórans og hver ekki.

Í seinni tíð hafa bílvélar þróast á þann veg að ganga á lægri snúningi við eðlilegan akstur, en með þessu má fá fram minni eldsneytiseyðslu. Þetta veldur þó vandamálum, því á lægri snúningi er vélarhljóðið jafnframt á lægri tíðni, sem á því greiðari leið í gegnum hvers kyns þykkildi af einangrun sem bílasmiðurinn hefur komið fyrir til varnar.

Þessu til bóta eru nú að ryðja sér til rúms svokölluð virk hljóðstýrikerfi (e. active noise control). Þetta virkar á þann hátt að hljóðnemar í farþegarými bílsins taka upp umhverfshljóðin og hljóðkerfi bílsins útvarpar á sömu andrá „andhljóði“ sem núllar út áhrif óæskilegs hávaða, eða dregur í það minnsta úr honum (sjá skýringarmynd).



Á sama tíma og þessari tækni fleygir fram glíma framleiðendur rafbíla við aðrar áskoranir, nefnilega að búa til „bílahljóð“ til að aðvara gangandi vegfarendur í umferðinni. Rafbílar eru margir hverjir svo hljóðlátir að aðrir vegfarendur verða þeirra ekki varir og því er um víða veröld verið að skikka framleiðendur rafmagnsbíla til að láta bíla sína framleiða hljóð undir ákveðnum hraða (0-20 kmh í ESB) til að fækka slysum. Í Bandaríkjunum er talið að þessar aðgerðir muni koma í veg fyrir 2.800 slyss á gangandi og hjólandi vegfarendum fyrir hverja árgörð af hverri einustu tegund raf- og raftvinnbíla.

Átti að flytja tæki yfir snjó og eyðimerkur

Vegleysuvagnalestin, TC-497 Overland Train Mark II, var pöntuð frá R. G. LeTourneau af bandaríska landhernum árið 1958. Henni var ætlað að geta flutt tæki og búnað jafnt yfir eyðimerkursanda sem djúpan snjó. Áður hafði fyrirtækið smíðað svipað farartæki, þó nokkru minna, sem flutti búnað í radarstöðvar sem byggðar voru í Norður-Kanada, Alaska og á Norður-Grænlandi. Þessar radarstöðvar voru hluti af svokallaðri DEW-línu (e. Distant Early Warning Line), sem átti að vara við sovéskum sprengjuflugvélum. Radarstöðvarnar sem við þekkjum hér á landi voru hluti af sama kerfi.

Nákvæmt hlutverk Mark II var aldrei opinberlega skilgreint af hernum, en geta þessa stórfenglega tækis var mögnuð og notkunarmöguleikarnir drjúgir. 54 hjól lestarinnar



voru öll búin rafmótor, sem fengu afl sitt frá þremur gastúrbínum (þotuhreyflum) sem staðsettir voru á öftustu vögnum lestarinnar. Samtals gátu vélarnar orkað 3.510 hestöflum og þeytt þessu risavaxna ferlíki áfram á rúmlega 30 km hraða á klukkustund.

Af 450 tonna hámarksþyngd farartækisins voru 300 tonn eigin þyngd og gat það því borið allt að 150 tonn. Með fulla eldsneytistanka var drægnin um 600 km, en gert var ráð fyrir að bæta mætti við eldsneytisgeymum og jafnframt fleiri vagneiningum. Í raun var lestin hönnuð til að vera endalaust löng, þar eð hver vagn var með drifhjólum.

Eitt vandamál sem hönnuðir Mark II sáu fyrir var að erfitt yrði að stýra henni, því vagnarnir leituðust við að elta „togvagninn“ í beinni línu eftir að hann hafði tekið krappa beygju. Því var hægt að beygja öllum hjólum lestarinnar, stjórnboð frá fremsta vagni sáu til þess að síðari vagnar beygðu á réttum stöðum og allt gekk snurðulaust.

Dekkin sem héldu mannvirkinu ofan jarðar voru rúmir þrír metrar á hæð, stýrishúsið þremur betur.

Dapurleg örlög

Eins og margar mannsins ætlanir hlaut þetta einstaka tæki dapurleg örlög þegar smíðinni lauk. Þegar það var afhent hernum til prófunar og æfinga í febrúar árið 1962 hafði flug- iðnaðurinn fætt af sér öflugar flutningabyrlur og þörfin fyrir utanvega flutningalest eins og Mark II gufaði upp í snatri. Þrátt fyrir að prófanir gæfu góða raun var lestin aldrei notuð í hernaði og dagaði brátt uppi með öðru yfirgefnu hernaðarskrani í Arizona-eyðimörkinni.

Þegar þetta er ritað er einungis fremsti vagninn til sönnunar um þetta ævintýri, á safni í Yuma í Arizona, en afgangurinn var seldur í brotajárn.

BÍÓ ★ PARADÍS

tiff. toronto
international
film festival
OFFICIAL SELECTION 2012

 Reykjavik
International
Film
Festival

MEMFIS

VIÐ ERUM

BESTAR!





Krafan um skref aftur til fortíðar

FJÖLMIÐLAR

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is



Það vakti töluverða athygli í síðustu viku þegar Ólafur Stephensen, annar ritstjóra Fréttablaðsins, og Ari Edwald, forstjóri 365, skrifuðu annars vegar leiðara og hins vegar innsenda grein í Fréttablaðið þar sem þeir barma sér yfir notkun neytenda á efnisveitum á borð við Netflix til að nálgast afþreyingu.

Ólafur hefur síðar sagt í opinberri umræðu að allir sem búi til efni eigi að hafa áhyggjur af þessari þróun. Hún sé ógnun við brauðstrit og afkomu listamanna jafnt sem blaðamanna.

En áhyggjur stjórnenda 365 snúast ekki um velvilja gagnvart listamönnum og að þeir fái réttmætar greiðslur fyrir vinnu sinna. Þá myndi fyrirtækið einfaldlega greiða þeim sem búa til vörur þeim mun betur. Þær snúast heldur ekki um íslenska tungu og menningu, sem Ari Edwald, forstjóri 365, vill meina að sé stórkostlega ógnað vegna framboðs á ótextuðu efni. Ef Ari væri svo áfram um að textun efnis væri af himinháum gæðum hefði hann til dæmis varla gefið heimild fyrir því að þýðendur sem starfað höfðu margir hverjir í áratugi hjá 365 voru reknir síðastliðið vor og vinnu þeirra úthýst til annarra sem mun minni reynslu höfðu. Auk þess hefur prófarkalesurum fyrirtækisins verið fækkað umtalsvert, sem sýnir ekki mikla ást á íslenskri tungu.

Höggva í viðskiptamódelið

Nei, ástæðan fyrir því að þeir hafa svona miklar áhyggjur er sú að tilvist efnisveitna sem bjóða upp á mun fljótari, stýranlegri og ódýrari gáttir til að nálgast afþreyingarefni en 365 („Stóri pakkinn“ hjá Stöð 2 kostar 16.990 krónur á mánuði án Oz-aðgangs á meðan áskrift að Netflix kostar tæpar eitt þúsund krónur) höggva í viðskiptamódel fyrirtækisins. Áskrifendum 365 fækkar hratt og nýjum kynslóðum dettur ekki í hug að borga tugþúsundir fyrir aðgang að línulegri sjónvarpsdagskrá sem þær geta nálgast fyrir mun minni eða engan pening með öðrum hætti.

365 hefur að hluta reynt að mæta þessum breytta veruleika með því að auka til muna framleiðslu á íslensku efni sem sýnt er á sjónvarpsstöðvum þess. Þetta er rétt skref hjá fyrirtækinu en er þó fyrst og fremst plástur yfir svöðusár. Stærsta vandamálið sem 365 glímir við er nefnilega upplýsingabyltingin sem stafræn tækni og netið hefur hrint af stað. Á sama hátt og geisladiskurinn drap kassettuna, á sama hátt og DVD drap VHS, á sama hátt og friblaðið stórsærði áskriftarblaðið, mun efnisveita, þar sem áhorfendur geta valið hvenær og hvernig þeir horfa á afþreyingarefni, og borga lítið sem ekkert fyrir það, drepa fokdýra línulega sjónvarpsdagskrá þar sem áhorfendur verða að horfa á dagskrárefni í þeirri röð sem sjónvarpsstjórar ákveða að raða því.

Þetta snýst því um peninga. Í ársreikningi 365 benda endurskoðendur fyrirtækisins á, án þess að gera fyrirvara við það, að „á grundvelli áætlana geri stjórnendur ráð fyrir að félagið sé rekstrarhæft um fyrirsjáanlega framtíð þrátt fyrir að veltufjárhlutfallið hafi verið 0,61 í lok árs. Gangi áætlanir ekki eftir gæti ríkt vafi á rekstrarhæfi félagsins[...] Upplausnarvirði eigna samstæðunnar gæti verið verulega lægra en bókfært yrði starfsemin lögð af.“

Áætla vöxt í fallandi greinum

Samkvæmt þessum ársreikningi 365 nema eignir fyrirtækisins 9,9 milljörðum króna. Um 60 prósent af þessum eignum eru óefnislegar eignir sem metnar eru á 5,9 milljarða króna. Það er kannski ekki skrytið að endurskoðendurnir hafi áhyggjur af þessu, enda skuldarnar 7,3 milljarðar króna.

Í ársreikningnum kemur fram að óefnislegar eignir séu meðal annars reiknaðar út frá einhverju sem kallast „lykilforsendur við mat á notkunarvirði“. Þar segir að til að standa undir þeirri framsetningu á óefnislegum eignum sem er að finna í ársreikningnum sé „áætlaður veginn meðalvöxtur 2013-2017“ í ljósvakamiðlum 365 6,6 prósent. Á sama tíma og áskrifendum stöðva fyrirtækisins hefur fækkað á hverju ári yfir lengra tímabil, og nýjar leiðir afþreyingarneyslu eru í stórsókn, er samt sem áður gert ráð fyrir vexti í ljósvakamiðlahluta 365 á komandi árum. Og sá vöxtur er núvirtur sem eign upp á milljarða króna.

Þar er reyndar líka gert ráð fyrir að þessi áætlaði meðalvöxtur á næstu fimm árum verði 7,3 prósent í prentmiðlum 365, sem er Fréttablaðið. Þróunin síðustu ár hefur verið á þann veg að erfitt er að búast við vexti. Lestur Fréttablaðsins hefur til dæmis farið úr 63,99 prósentum í apríl 2010 niður í 56,16 prósent í september 2013. Þegar horft er á afmarkaðri hópa verður þessi hnignun enn ljósari. Lestur hjá aldurshópnum 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu hefur farið úr 77,5 prósentum í 64,07 prósent á sama tíma. Með öðrum orðum hefur lesturinn fallið mjög hratt. Á sama tíma verður prentun og dreifing sífellt dýrari. Ekki virðist heldur sem miklar og tíðar breytingar á efnistöku eða framsetningu nái að breyta þessum veruleika. Færri lesa einfaldlega dagblöð.

Viðskiptavinurinn hefur alltaf rétt fyrir sér

Sama hvað gamli tíminn bölvur neysluháttum nútímans mikið mun ekki takast að draga neytendur aftur til þeirra tíma þegar neysla þeirra gaf milliliðum á borð við fjölmiðlafyrirtæki eða útgefendur mest í vasann. Ef viðskiptavininum þóknast þessar nýju leiðir, niðurhal og/eða streymi á efni, betur en þær leiðir sem markaðurinn býr þegar að verða fyrirtæki á markaði að laga sig að vilja viðskiptavinarins eða deyja. Ef hann vill geta horft á alla þætti í þáttaröð á einum og sama deginum gerir hann það óháð því hvort það hentar viðskiptamódeli 365 eða annarra sem hafa línulega sjónvarpsdagskrá í áskrift sem tekjugrundvöll.

Það þýðir ekki að segja viðskiptavininn lögbrot og ætla sér að setja þrýsting á hann vegna þess. Það dugur ekki að ætla sér að yfirvöld hindri fólk í að nálgast afþreyingu, og eftir atvikum fréttir, eftir þeim nýju leiðum sem standa til boða. Það verður að bjóða upp á sambærilega, og jafnvel betri, þjónustu sjálft.

Það þýðir ekkert að horfa alltaf til fortíðar. Viðskiptavinurinn hefur nefnilega alltaf rétt fyrir sér. Og hans leið sigrar alltaf að lokum. Sama hvort 365 þóknast það eður ei.

„Það þýðir ekkert að horfa alltaf til fortíðar. Viðskiptavinurinn hefur nefnilega alltaf rétt fyrir sér. Og hans leið sigrar alltaf að lokum.“



Nafnbreyting á óþægilegum hlutum

ÁLIT

Guðmundur Gunnarsson
Fyrirverandi formaður
Rafiðnaðarsambandsins



Það er ótrúlegt eftir það sem á undan er gengið, en þó í fullkomnu samræmi við væntingar, að valdastéttin er þessa dagana að undirbúa það að brenna upp sparnað launamanna í lífeyrissjóðunum og búa þannig til svigrúm svo hún nái að koma undan eignum sínum, áður en næsta hrun verður. Þeir flokkar sem kosnir voru til valda í vor útiloka kerfisbreytingar í peningamálum en ætla sér að aflétta höftum með því að setja hömlur á að sparnaður launamanna komist undan höftunum. Ætlunin er að gefa sjóðum eignamanna forgangsheimild til þess að flýja land. Þar til viðbótar er ætlunin að þvinga lífeyrissjóðina til þess að koma heim með erlendar eignir sínar og skapa með því svigrúm fyrir eignamenn að koma eignum sínum út úr haftakerfinu, en setja „handbremsu“ á útstreymi lífeyrissjóðanna, eins og ráðamenn orða það. Það er ekki afnám gjaldeyrishafta, eins og forsvarsmenn ríkistjórnarinnar boða, það jafngildir einungis að gerð hafi verið nafnbreyting á því ástandi sem hér ríkir og mun ríkja um fyrirsjáanlega framtíð.

Áhlaup á lífeyrissjóðina

Stefna núverandi ríkisstjórnar eins og hún hefur verið kynnt er að festa eigi lífeyrissjóðina varanlega í höftum og nýta þá til að fjármagna ríkissjóð með lítilli ávöxtun, eins og forsætisráðherra boðaði við kynningu fjárlaga. Erlent fjármagn skapi einungis vanda; mun hagkvæmara sé að nýta innlendan sparnað. Það virðist vera ætlunin að leysa hallarekstur húsnæðiskerfisins með gengisfellingu eigna lífeyrissjóðanna og fela það tímabundið í myndun nýrrar eignabólu í steinsteypu og hlutabréfum. Enn einu sinni á að fara leið hins tækifærisinnaða stjórnálmamanns og búa til froðu til þess að fela enn eina eignaupptökuna hjá launamönnum og gera hina flugríku íslensku valdastétt enn ríkari. Launamanna á almennum vinnumarkaði bíður ömurlegt ævikvöld nái þessar áætlanir fram að ganga.

Hér á landi eru tvenns konar lífeyriskerfi; annað er ríkistryggt, hinu er gert að skerða réttindi í samræmi við raunstöðuna hverju sinni. Fari ríkisstjórnin þá leið sem hún boðar mun það hafa afdrifaríkar afleiðingar. Útgjöld almenna tryggingarkerfisins munu stórukast samfara því að greiðslugeta almenna lífeyriskerfisins hrynur en þar að auki munu skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna vaxa um tugi milljarða á hverju ári, ofan á 600 milljarða skuld ríkissjóðs vegna lífeyriskuldbindinga í dag. Fjármálaeftirlitið segir okkur reyndar hvert umfang þessa hluta er í raun, þegar það krefst þess að iðgjaldið sem sveitarfélög og ríkissjóður greiði í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna verði hækkað um þriðjung úr 15,5% í 20%. Verði þessi leið farin mun það kalla á gríðarlegar skattahækkningar í náinni framtíð. Þar til viðbótar blasir við sú staðreynd að hlutfall skattgreiðenda gagnvart fjölda lífeyrisþega fer minnkandi og mun lækka um allt að þriðjung næsta áratug, þegar barnasprengjuárgangarnir gerast lífeyrisþegar.

Nafnbreyting á verðtryggingu

Þetta má ekki gerast; heimilin verða að búa við öryggi og stöðugleika. Lausnir stjórnálmamanna hafa ætíð einkennst af því að færa kostnaðinn yfir á heimilin í gegnum gengisfellingar. Hér verður að koma á húsnæðiskerfi sem reist er með sams konar hætti og er í nágrannalöndum okkar, þar sem húsnæðiskaupendum er gefinn kostur á hagstæðum og öruggum langtímalánum sem byggja á föstum viðráðanlegum nafnvöxtum og fyrirsjáanleika inn í framtíðina í stað verðtryggðra lána. Það verður ekki gert með krónunni. Ríkisstjórnin boðar afnám verðtryggingar. Með þeirri stefnu verður einungis gerð nafnbreyting á verðtryggingunni, en hún er í raun ekkert annað en greiðsludreifing á ofurvöxtum. Þeir munu verða hér áfram að því er virðist sé litið til stefnu ríkisstjórnarinnar. Nú er verið að bjóða óverðtryggð langtímalán með allt að 9% vöxtum, eða fjórföldum þeim vöxtum sem gilda í nágrannalöndum okkar, og fólk velur því frekar lán með föstum vöxtum og greiðsludreifingu (verðtryggingarkerfi) á ofurvöxtunum.

Gagnkvæmt traust

Tryggja verður að áhættunni af efnahagshruni verði deilt milli fjármagnseigenda og lántaka með sanngjarnari hætti en nú er. Eina leiðin til að verja lífeyrissparnað landsmanna er að opna fyrir fjárfestingar í raunverulegum gjaldmiðlum, en það gerist ekki nema með stefnubreytingu ríkisstjórnarflokkanna og nýrri mynt. Með því myndu opnast möguleikar til þess að byggja upp atvinnulífið og íslenskt efnahagskerfi á ábyrgan hátt og mynda þar umhverfi þar sem innlendir og erlendir fjárfestar eru tilbúnir að koma með fjármagn. Það gerist ekki nema með meiri aga hér á landi. Stjórnálmamenn verða að tala skýrar og leggja af tækifærisinnaða stjórnarhætti og hringlandahátt í regluverkum. Ísland býður umfram flest önnur ríki upp á aðstöðu til þess að geta tileinkað sér orðspor hins græna hagkerfis og það verður einungis gert með gagnkvæmu trausti. Fyrirtæki sem búa illa að starfsmönnum sínum eru slæmir fjárfestingarkostir. Fyrirtæki með ánægða starfsmenn skila betri ávöxtun. Því er spáð að fyrirtæki með ábyrga orkustefnu muni spara umtalsverðar fjárhæðir á komandi árum og fjárfestar, til dæmis í Bandaríkjunum, leita uppi þess háttar fyrirtæki. Það sama gæti gerst hér á landi en ekki með þeim stjórnarháttum og þeirri stefnumörkun sem tíðkuð hefur verið hér á landi.

„Fyrirtæki sem búa illa að starfsmönnum sínum eru slæmir fjárfestingarkostir. Fyrirtæki með ánægða starfsmenn skila betri ávöxtun.“



Þætti Birkis mögulega sparkað út

DÓMSMÁL

Ægir Þór Eysteinnsson
aegir@kjarninn.is

Símon Sigvaldason, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, tekur í dag afstöðu til frávisunarkröfu Birkis Kristinssonar, fyrrverandi landsliðs-markvarðar Íslands í knattspyrnu, en hann sætir ákæru embættis sérstaks saksóknara ásamt þremur öðrum fyrrverandi starfsmönnum Glitnis fyrir umbóðsvik, markaðsmisnotkun og brot á lögum um ársreikninga vegna 3,8 milljarða lánveitingar til félags í eigu Birkis. Ofangreind brot geta varðað allt að sex ára fangelsi.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 4. september síðastliðinn, en þremmenningarnir sem sæta ákæru ásamt Birki eru Jóhannes Baldursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá Glitni, Elmar Svavarsson,





Birkir Kristinsson
Birkir lék með landsliðinu í knattspyrnu sem markmaður.

verðbréfamiðlari hjá bankanum, og Magnús Arnar Arngrímsson, sem var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. Þess ber að geta að Magnús er einnig ákærður í svonefndu Aurum-máli.

Snýst um milljarða lánveitingu

Málið snýst eins og áður segir um 3,8 milljarða króna lánveitingu Glitnis til félagsins BK-44, sem var í eigu Birkis Kristinssonar,

þáverandi yfirmanns einkabankabjónustu bankans, í nóvember 2007. Ákæra málsins er í sex liðum. Jóhannes, Magnús og Elmar eru ákærðir fyrir umboðssvik með því að veita umrætt lán, sem notað var til að kaupa hlutabréf í bankanum sjálfum. Glitnir keypti síðan bréfin aftur af Birki sumarið eftir á yfirverði og er tjón bankans vegna viðskiptanna metið á 1,9 milljarða króna samkvæmt ákæru.

Þá eru þeir Elmar og Jóhannes ákærðir fyrir umboðssvik fyrir að gera munnlegan samning við Birki um skaðleysi félags hans. Bréfin yrðu alltaf keypt aftur seinna á gamla verðinu óháð markaðsvirði. Samkvæmt ákærunni hagnaðist Birkir Kristinsson um 86 milljónir króna á viðskiptunum, með því að halda bréfunum í Glitni í átta mánuði. Birkir samdi við slitastjórn Glitnis í sumar um endurgreiðslu á upphæðinni og kom sér þannig undan því að vera stefnt til greiðslu skaðabóta.

Ákærður fyrir hlutdeild

Birkir er ákærður fyrir hlutdeild í meintum umboðssvikum, en til vara hylmingu og peningaþvætti með því að hafa lagt á ráðin með meðákærðu um fléttuna. Honum hafi mátt vera

ljóst að viðskiptin væru óeðlileg og brytu í bága við regluverk bankans. Þá er þeim Jóhannesi og Elmari ásamt Birki gefin að sök markaðsmisnotkun þar sem viðskiptin hafi byggst á blekkingum og sýndarmennsku, eins og segir í ákæru málsins, og verið líkleg til til að gefa markaðnum villandi hugmynd um eftirspurn bréfa í bankanum.

Landsliðsmarkmanninum fyrrverandi var sömuleiðis gefið að sök meiriháttar brot gegn ársreikningalögum, með því að greina ekki frá láninu frá Glitni í ársreikningi BK-44 fyrir árið 2007.

Við þingfestingu málsins í byrjun september krafðist Birkir þess að þætti sínum í málinu yrði vísað frá dómi á þeim rökum að réttarstöðu hans hefði verið breytt á rannsóknartímanum úr stöðu sakbornings yfir í stöðu vitnis og svo aftur í stöðu sakbornings. Sérstakur saksóknari segir þetta hafa verið gert vegna nýrra gagna í málinu, en því mótmælir Ólafur Eiríksson hrl. verjandi Birkis.

Málflutningur um frávísunarkröfuna fór fram í héraðsdómi 18. október. Símon Sigvaldason héraðsdómari mun kveða upp úrskurð sinn varðandi frávísunarkröfu Birkis Kristinssonar klukkan 8.45 í sal 402 í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Réttarbót í auglýsýn

ÁLIT
Tómas Hrafn Sveinsson
Hæstaréttarlögmaður
og aðjúnkt í skaðabótarétti



Umferðarslys á Íslandi skipta þúsundum á hverju ári. Það sama gildir um bótakröfur einstaklinga sem hljóta af þeim líkamstjón. Því skiptir verulegu máli að lagareglur sem gilda um málaflokkinn séu skýrar.

Á undanförunum árum hefur frumvarp til nýrra umferðarlaga verið til meðferðar á Alþingi og samhliða frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar. Frumvörp til laga um ökutækjatrýggingar voru lögð fyrir Alþingi árin 2011 og 2012 en voru ekki samþykkt. Ráðherrar fluttu bæði frumvörpin sem stjórnarfrumvörp.

Mælt fyrir breytingum

Í frumvarpi til laga um ökutækjatrýggingar er mælt fyrir um breytingar á fyrningarreglum bótakrafna vegna líkamstjóns. Breytingin lýtur einkum að fyrningartímanum, en ákvæði núgildandi laga hefur leitt til réttaróvissu. Verði frumvarpið að lögum verður tekinn af allur vafi og munu bótakröfur vegna líkamstjóna fyrnast á tíu árum frá slysi. Í breytingunni felst því mikil réttarbót fyrir tjónþola.

99. gr. núgildandi umferðarlaga

Ákvæði 99. gr. núgildandi umferðarlaga fjallar um fyrningu bótakrafna vegna líkamstjóns. Reglan hljóðar svo:

„Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð ber, og váttryggingafélagi, svo og endurkröfur váttryggingafélags, fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.“

Helst er deilt um skilyrði fyrir upphafstíma fjögurra ára fyrningarfrestsins. Skilyrði ákvæðisins eru tvö og virðast einföld við fyrstu sýn. Til að bótakrafa sé ófyrnd verða bæði að vera uppfyllt; þ.e. að ekki hafi liðið fleiri en fjögur ár frá því að kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átt þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Í framkvæmd hefur hins vegar reynst erfitt að afmarka upphafstíma fyrningarfrestsins, enda geta mörg vafaatriði komið upp.

Réttaróvissa

Á síðastliðnum árum hafa fallið tugir dóma sem sýna hversu flókið ákvæðið er í framkvæmd. Í dómum Hæstaréttar í málum nr. 58/2006 og 408/2006 var upphaf fyrningarfrestsins miðað við svokallaðan stöðugleikatímamark, þ.e. tímamarkið þegar ástand tjónþola er orðið stöðugt samkvæmt læknisfræðilegu mati, sem fram fer nokkru eftir slysið.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 449/2007 var talið að fyrningarfrestur hefði hafist á sama ári og stöðugleikatímamarkur var ákveðinn.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 661/2007 var því hins vegar hafnað að miða bæri við stöðugleikatímamark eða sama ár og hann kom fram. Upphaf fyrningarfrests var miðað við fyrstu heimsókn tjónþola til bæklunarlæknis, sem átti sér stað fimm árum eftir slysið. Hæstaréttur komst að sambærilegri niðurstöðu í máli nr. 418/2008. Auk þess sagði í forsendum dómsins að: „...upphaf fyrningarfrestsins [ráðist] þó ekki af því hvenær heilsufar tjónþola var orðið stöðugt, enda er það tímamark ákveðið afturvirktt út frá læknisfræðilegu mati á bata hans.“

Loks komst Hæstiréttur að því í dómi sínum í máli nr. 661/2010 að upphafstíma fyrningarfrests skyldi miða við það tímamark þegar 12 mánuðir voru liðnir frá slysinu, þ.e.: „þegar tímabært var að meta slysið“. Sama niðurstaða kom fram í dómi Hæstaréttar í máli nr. 604/2012.

Samkvæmt þessum dómum Hæstaréttar Íslands (og þeir eru reyndar nokkuð fleiri) er það mjög matskennt og háð málsatvikum hverju sinni hvenær upphafstími fjögurra ára fyrningarfrests samkvæmt 99. gr. umferðarlaga hefst.

Ákvæði 99. gr. umferðarlaga sker ekki úr um deilur. Það beinlínis býr þær til og opnar verulega á að tjónþola sé nauðsynlegt að höfða dómsmál, með tilheyrandi kostnaði fyrir alla hlutaðeigandi.

Einfalt ákvæði

Í frumvarpi til laga um ökutækjatrýggingar er einfalt ákvæði um fyrningu bótakrafna vegna líkamstjóns. Það er svona: „Kröfur um bætur fyrir líkamstjón fyrnast á tíu árum frá tjónsatburði.“

Nýja ákvæðið er einfalt og skýrt. Það ætti að leysa úr deilunum svo um munar. Enda er það eitt meginmarkmið Alþingis með lagasetningu að setja reglur sem skýra réttarstöðu eins afdráttarlaust og kostur er.

Hér með er hvatt til þess að þessi breyting verði samþykkt hið fyrsta. Verði hins vegar veruleg töf á meðferð þessara tveggja nýju lagabálka á Alþingi, þ.e. nýrra umferðarlaga og laga um ökutækjatrýggingu, er afar auðvelt að bæta þessari sömu setningu inn í núgildandi umferðarlög. Með því mætti eyða óvissu og fækka dómsmálum.

„Verði frumvarpið að lögum verður tekinn af allur vafi og munu bótakröfur vegna líkamstjóna fyrnast á tíu árum frá slysi. Í breytingunni felst því mikil réttarbót fyrir tjónþola.“



Allir geta sótt fylgi frá Besta flokknum

S. Björn Blöndal mun sækjast eftir því að leiða lista Bjartrar framtíðar í kosningum

STJÓRNMÁL

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is



Deildu með
umheiminum

Stærstu pólitísku tíðindi sem orðið hafa í lengri tíma áttu sér stað í gær þegar borgarstjórinn Jón Gnarr tilkynnti að hann ætlaði ekki að bjóða sig fram aftur. Samhliða verður ein athyglisverðasta pólitíska tilraun sem gerð hefur verið, Besti flokkurinn, lögð niður og liðsmenn hans færa sig inn í hefðbundnara stjórnmálaafl, systurflokkinn Bjarta framtíð.

Ákvörðun Jóns vekur ekki síst athygli vegna þeirrar ótrúlegu lýðhylli sem hann nýtur sem borgarstjóri. Hún kristallast meðal annars í því að Besti flokkurinn mælist með 37 prósentu fylgi í síðustu könnunum, sem er yfir kjörfylgi

flokksins. Heimildir Kjarnans herma að Jón hafi raunar tekið þessa ákvörðun fyrir mörgum mánuðum en beðið með að tilkynna hana fyrir en nú.

Björt framtíð mun ráðast í ferli til að raða á framboðslista sinn. Sá sem er talinn líklegastur í oddvitastöðuna er S. Björn Blöndal, sem hefur verið aðstoðarmaður Jóns Gnarr síðustu ár. Hann mun sækjast eftir leiðtogastöðunni. Það gæti þó breyst enda svigrúm fyrir nýja frambjóðendur að koma sér að. Á bak við tjöldin verður Heiða Kristín Helgadóttir, sem mun stýra framboðinu, líkt og hún gerði hjá Besta flokknum. Hún mun raunar stýra framboðum Bjartrar framtíðar úti um allt land. Samkvæmt heimildum Kjarnans munu ýmsir lykilmennt úr Besta flokknum fylgja Birni yfir í Bjarta framtíð. Á meðal þeirra eru Elsa Hrafnhildur Yeoman, Eva Einarsdóttir, Einar Örn Benediktsson og Páll Hjaltason. Óttars Proppé verður þó áfram sárt saknað, eins og hefur verið frá því að hann steig yfir í landsmálin.

Komandi kosningar verða hins vegar brekka fyrir Gnarrlausa Bjarta framtíð. Margir spekingar búast við því að brott-hvarf Jóns muni höggva stórt skarð í fylgi flokksins. Eins og hann sagði sjálfur í viðtali við Kjarnann nýverið er Jón Gnarr hættulegasti stjórnmálamaður landsins. Andstæðingar hans hafa ekkert vitað hvernig þeir eiga að takast á við hann. Það sama er ekki að segja um féлага hans. Þeir munu þurfa að reka hefðbundnari stjórnmál en Jón komst upp með. Því virðist sem fylgi við flokkana í borginni geti farið á fleygiferð í kjölfar ákvörðunar Jóns.

Erfiðara er þó að segja til um hvert það fylgi, ef það fer á flakk, mun flytja sig.

Biðu eftir Sjálfstæðisflokknum

Ein helsta ástæða þess að Jón Gnarr geymdi það að tilkynna ákvörðun sína er sú að það hefur þótt pólitískt klókt að bíða eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn kláraði sinn framboðslista fyrst. Ljóst er að Gísli Marteinn Baldursson, og sú mikla þverpólitíska vigt sem hann hafði aflað sér sem fær sveitarstjórnarstjórnmálamaður, hefði getað talað inn í þann hóp



sem fylgt hefur Bjartri framtíð. Ákvörðun hans um að hætta, að minnsta kosti tímabundið, í stjórn-málum vann því klárlega með Bjartri framtíð.

Lengi hefur verið þískrað um að Sjálfstæðis-flokkurinn myndi leita út fyrir raðir núverandi borgarstjórnarflokks eftir nýjum leiðtoga. Sá sem

oftast var orðaður við sætið var Ólafur Stephensen, annar ritstjóra Fréttablaðsins. Hann hefur reyndar sagt sig úr Sjálfstæðisflokknum og því er ljóst að einungis var um orðróm var að ræða.

Frestur til að bjóða sig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins rann út síðastliðinn föstudag. Eini utanaðkomandi einstaklingurinn sem bauð sig fram í fyrsta sætið var á endanum Halldór Halldórsson, formaður Sambands ís-lenskra sveitarfélaga og fyrrum bæjarstjóri á Ísafirði. Hann mun líkast til ekki höfða mjög til frjálslyndari kjósenda, ekki frekar en rótgrónu borgarfulltrúarnir Kjartan Magnússon og Júlíus Vífill Ingvarsson. Allir þessir þrír frambjóðendur eiga þó harðan stuðningsmannahóp innan þess kjarna sem mun aldrei kjósa neitt annað en Sjálfstæðisflokkinn.

Bæði Hildur Sverrisdóttir og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir gætu hins vegar náð til hópa utan Sjálfstæðisflokksins, en þær sækjast báðar eftir því að leiða framboð flokksins. Þær eru þó báðar of frjálslyndar fyrir íhaldssamasta sjálfstæðis-fólkið.

Góð tíðindi fyrir Samfylkingu og VG

Samfylkingin hefur unnið með Besta flokknum undanfarið kjörtímabil og stór verkefni hafa hvílt á herðum formanns borgarráðs, Dags B. Eggertssonar. Dagur ætlaði sér að verða borgarstjóri eftir síðustu kosningar en endaði þess í stað sem



verkstjóri meirihlutans í skugga Jóns Gnarr. Hann er hins vegar orðinn einn af reyndustu borgarfulltrúunum og þykir hafa staðið sig vel á yfirstandandi kjörtímabili. Það hefur þó eðlilega farið í taugarnar á Samfylkingarfólki hversu lítið ánægja fólks með sitjandi borgarstjórnarmeirihluta skilar sér til þeirra, og hversu mikið hún hefur setið eftir hjá Besta flokksnum. Auk þess virðist flokkurinn eiga í nokkrum endurnýjunarvandræðum. Enginn sjáanlegur ungur kandídat sem er líklegur til að taka til sín mikið fylgi virðist vera á sjóndeildarhringnum.

Það hljóta því að vera góð tíðindi fyrir Samfylkinguna að Jón stígi frá. Flokkarnir tveir hafa verið að ná til sama hóps en Samfylkingin mun vonast til þess að ná til sín mun fleirum en þeim 15 prósentum kjósenda sem hún mælist með í könnunum.

Sömu sögu má segja um Vinstri græn. Sóleyju Tómasdóttur hefur tekist að sníða af sér marga af róttæklingaköntunum sem stuðað hafa borgaralega kjósendur og er orðin mjög sjóaður og hæfur borgarfulltrúi. Hún mun telja sig vera í góðu færi til að ná meira en því tíu prósentu fylgi sem kannanir sýna að flokkurinn hafi.

Margt veltur á skuldaniðurfellingu

Gengi Framsóknarflokksins í borginni virðist vera beintengt við gengi flokksins á landsvísu. Ef ríkisstjórninni tekst ekki að standa undir stóra skuldaniðurfellingarloforðinu með fullnægjandi hætti mun það hafa bein áhrif á flokkinn í komandi borgarstjórnarkosningum. Á sama hátt mun það vinna mjög með honum ef vel tekst til.

Framsókn geldur líka fyrir það að vera ekki með kjörinn borgarfulltrúa eins og er og mælist einungis með fjögurra prósentu fylgi. Einu aðilarnir sem hafa viðrað framboð eru gömlu andlitin Óskar Bergsson og Guðlaugur Sverrisson. Það verður þó að telja líklegt að aukinn kraftur verði settur í framboðið þegar líður að kosningum og að Framsókn telji sig sjá sóknarfæri í þeim breytingum sem verða með brotthvarfi Jóns Gnarr.



Það sem Jón Gnarr hefur kennt mér

STJÓRNMÁL

Heiða Kristín Helgadóttir



Fyrir fjórum árum var ég ung tveggja barna móðir í Vesturbænum. Ég hafði nýverið lokið námi í stjórn málafræði við HÍ og vann við að selja konum fót í verslun við Skólavörðustíg. BA-ritgerð mín fjallaði um valdakerfið á Íslandi frá 1999-2009 í ljósi kenninga um margræði og kjarnræði. Margt er ágætt í þeirri ritgerð en annað hefði ég viljað vinna betur og skilja betur. Það sem situr eftir fjórum áður síðar er vanmáttartilf-

inningin sem ég upplifði við að skoða íslenskt valdakerfi. Við mér blasti lýðræðislegt þingræðiskerfi með þrískiptingu valds og nauðsynlegum stofnunum eins og ráðuneytum, seðlabanka og öðrum eftirlitsstofnunum. Allt eftir bókinni – en samt sem áður virtist þetta allt algjörlega ónothæft og gagnslaut.

Kerfið hafði algjörlega brugðist í aðdraganda hrunsins. Ákvarðanir voru teknar af vanþekkingu og oft þvert á varnarorð sérfræðinga, auk þess sem vantraust ríkti milli aðila og stofnana.

Kjarnræði og margræði takast á

Mér fannst einmitt sökin liggja hvað mest í samskiptum milli fólks – eða öllu heldur samskiptaleyfi og mikilli vankunnáttu í samskiptum. Það rímaði illa við kenningarnar sem ég var að vinna með í ritgerðinni þannig að ég fann skýringuna í togstreitu milli kenninganna – að hér byggjum við við vanþróað lýðræði þar sem kjarnræði og margræði tækjust á á ólíkum tímabilum. En í hjarta mínu var ég ekki sátt við þá niðurstöðu því mér fannst skýringin liggja í vondum samskiptum og fullkomnu skorti á trausti.

Það var ekki fyrr en ég hitti Jón Gnarr í fyrsta skiptið, í stofu á Fálkagötunni í janúar 2010, að mér fannst einhver sjá heiminn með sömu augum og ég. Einhver geta séð í gegnum allt þetta bull og komið orði að því sem var að án þess að mig langaði að fara að gráta úr leiðindinum.

Við áttum mjög gefandi samtali um stjórn mála og hugmyndir hans um að stofna stjórn málaflokk sem hét Besti flokkurinn og væri bestur allra flokka og hefði gildi og heimasíðu. Ég fann hvernig ég fylltist krafti og langaði að henda mér í þetta alla leið og sjá hvert það færi. Ef enginn fattaði þetta þá skipti það ekki máli því þetta var sannleikurinn fyrir mér. Ég byrjaði á að útskýra fyrir Jóni að hann myndi ekki verða menntamálaráðherra ef hann byði sig fram í þessum kosningum – heldur borgarstjóri – og gæti þar af leiðandi ekki ráðið Sigurjón Kjartansson sem útvarpsstjóra. Jón hafði nefnilega ekki minnstu hugmynd um hvað var hvað í stjórn mála – en hann hafði mjög skýra sýn á það hvernig hann vildi benda á það sem þyrfti að laga. Mörgum kann að finnast þetta dæmi bera vott um heimsku og einhverjir hefðu kannski hugsað með sjálfum sér, „ég veit ekki einu sinni í hvað ég er að bjóða mig fram – best ég hætti við“. En ekki Jón. Hann hló og hélt svo áfram. Þarna fyrst kenndi hann mér mjög dýrmæta lexíu. Leikreglurnar og ramminn utan um stjórn málin eru ekki aðalatriðið. Það eru vissulega gagnlegar upplýsingar en það skiptir miklu meira máli að vita hvers vegna þú ert að þessu og hvaða tilfinning dregur þig áfram. Við ætluðum að fara þetta á gleðinni og vera hugrökk, stíga fram og segja okkar sannleika.

Björn brúnaþungur og Óttarr furðulegur

Mánuðirnir sem fylgdu voru ólýsanlegir. Við héldum stofnfund í Smáralind þar sem við kynntum Gjugg í borg fyrir bónda – þar sem bóndar gátu fengið tvo fyrir einn fyrir sig og kindina sína á hótelum í Reykjavík. (Þó að við séum bæði lesblind vitum við að maður segir bændur – þetta er svokallað grín.) Þar hitti ég líka Björn Blöndal og Óttarr Proppé í fyrsta skiptið. Björn var brúnaþungur með skjalatösku og Óttarr furðulegur. Það hallaði verulega á konur í Besta flokknum þegar ég kom við sögu. Ekki vegna þess að það væri ekki vilji til að hafa þær með – þvert á móti reyndum við mikið að kalla þær til, en það var erfitt að selja þessa hugmynd. Ég fór í að kynbæta listann. Jón kynnti mig fyrir Elsu Yeoman, listakokki og húsgagnasmið, sem talaði mest um sleipiefni og New Jersey á fyrsta fundinum okkar – sem mér þótti áhugavert. Hún var til í allt. Svo héldum við meðgöngu niður Laugavegin þar sem við kynntum fleiri konur til leiks. Við opnuðum kosningaskrifstofu, prentuðum bækling, hönnuðum boli, lógó og blöðrur. Tókum svo upp kosningalag og fórum á kosningafundi.

Allan tíma náðum við að hjúpa utan um okkur einhverjum verndarhjúp þar sem allir voru glaðir og allir voru að tala um Besta flokkinn. Utan hans var ekki neitt. Ekki neitt sem skipti okkur máli – annað en að bjóða kjósendum Reykjavíkur upp á þann valkost að eiga bjarta framtíð með Besta flokknum eða tortíma Reykjavík. Við höfðum engu að tapa.

Það var mjög nauðsynlegt að búa til þennan hjúp. Við vorum komin í partí sem okkur hafði augljóslega ekki verið boðið í með formlegum hætti og það sem meira var, við vorum ekki velkomin. Þarna reyndi verulega á gleðina. En á undraverðan hátt – þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, sem standa sumar yfir enn – hefur Jón ekki tapað gleðinni. Gleðin hans er bráðsmitandi og mjög gefandi.

Jón fær lánaða dómgreind

Jón er þeim eiginleika gæddur að vera mjög spyrjandi. Hann spyr fólk mikið og tjáir sig mikið. Þar verður traustið til. Með því að deila þekkingu og vanþekkingu með öðrum og fá lánaða dómgreind verður til einhver galdur þar sem vanda máli verða að lausnum og óttinn og vanlíðan hverfa.

Stjórn málamenn, hvar sem er í heiminum, eiga í miklum erfiðleikum með að vinna sér inn traust og viðhalda því. Samfélagið er sífellt að verða flóknara og vandamál eiga sér sjaldnast eina einfalda lausn. Þetta er annað atriði þar sem mér finnst mjög mikilvægt að draga lærdóm af Jóni Gnarr sem borgarstjóra. Það er ekkert annað en talsýn að halda að einn maður – þó að hann sé stjórn málamaður – hafi svörin á reiðum höndum. Það er ekkert annað en hættulegt að búa til heimsmýnd þar sem ein manneskja trónir á toppnum með öll svörin. Leiðtogar verða alltaf til og það er gott að eiga sér fyrirmyndir. En það engum hollt að halda að þær séu óbrigðular. Þegar Jón var inntur eftir því í kosningabaráttunni hvort hann væri með eða á móti flugvellinum í Vatnsmýrinni sagði hann: „Ég hef aldrei flutt flugvöll, ef ég kem til með að þurfa að gera það þá mun ég leita ráða hjá færustu sérfræðingunum og taka svo ákvörðun.“ Þetta er einfalt og mikilvægt. Þetta þýðir ekki að hann stimpli sig út og láti aðra um verkin, langt því frá, heldur þýðir þetta að hann hefur ekki svör við öllu og ekki fyrir fram gefna skoðun í jafn flóknu máli og því að flytja flugvöll. Hann er tilbúinn að hlusta á ólík sjónarmið og taka svo ákvörðun út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Þetta er ekki stefnuleysi, heldur stefna í sjálfu sér. Að taka bestu mögulegu ákvörðunina byggja á ígrunduðum samtölum og upplýsingum.

Helsta gagnrýnin á íslenska stjórn málamenningu í Rannsóknarskýrslu Alþingis er sú að hér skorti fagmennsku og það sé beinlínis mein í íslensku samfélagi hvað stjórn málamenn taka lítið mark á faglegri röksemdafærslu. Það kom ekki á óvart að niðurstaða úttektarnefndar um Orkuveituna leiddi það sama í ljós. Jón sagði nýlega á Facebook-síðu sinni:

„Það hefur verið stefna mín og Besta flokksins að vinna að heilbrigðari og faglegri stjórnsýslu og koma á betra jafnvægi og heilbrigðari samskiptum á milli stjórn mála- og embættismanna, ekki af persónulegum eða eigingjörnum ástæðum, heldur fyrir hag og framtíð Reykjavíkur og íbúa hennar. Það þýðir að stjórn málamenn og stjórn málaflokkar þurfa að viðurkenna vanmátt sinn og sýna auðmýkt í stað hroka og drýldni og gefa eftir smá hluta af þeim völdum sem þeir telja sig eiga tilkall til. Og það er kannski það sem er erfiðast?“

Ég skil ákvörðun Jóns

Jón Gnarr hefur ákveðið að bjóða sig ekki fram í kosningunum í maí á næsta ári. Ég skil þá ákvörðun og virði hana. Besti flokkurinn verður lagður niður, enda er hann ekki eiginlegur stjórn málaflokkur heldur hugarástand. Pólitískur armur flokksins – Björt framtíð – mun bjóða fram til borgarstjórnarkosninga í vor undir forystu fólks úr Besta flokknum. Eftir stendur mikill persónulegur lærdómur, sem ég hef að nokkru leyti deilt hér, og gríðarlega stórt og mikilvægt fótspor sem Jón hefur markað á íslensk stjórn mála. Hann hefur búið til rými þar sem 30 ára einstæð móðir í Vesturbænum er orðin stjórnarformaður í flokki sem mælist með næstum 12% fylgi á Alþingi og varaformaður í flokki sem mælist með 37,6% fylgi í borgarstjórn. Það er súrrealískt. Ég er honum endalaust þakklát fyrir að hafa treyst mér fyrir þessum verkefnum og mun vanda mig við að fara vel með þetta traust.

Vanmáttakennd mín gagnvart því samfélagi sem ég bý í er ekki lengur til staðar. Valdið er þarna og við þurfum ekki að biðja neinn um leyfi til að taka það. En það er mikilvægara en allt mikilvægt að fara vel með það og vanda sig. Það er vinna sem krefst meðvitundar og reynir á kjarnann innst í manni. Stjórn mála eru gróðrarstía fyrir stór egó, eigingirni og sjálfmiðaða hugsun. Að geta sett sig í spor annarra, fundið meðlíðan og átt heilbrigð samskipti við aðra er besta leiðin til að halda þessum brestum í lágmarki. Tími yfirgangs, frekju og leiðinda er liðinn. Það er engin ástæða til þess að setta sig við samfélag sem er sniðið að þörfum, væntingum og vonum lítilla kalla, af báðum kynjum, sem kunna allt, vita allt og frekjust áfram þangað til þeir fá sínu fram. Það leiðir okkur til tortímingar og er ekki best!

„Vanmáttarkennd mín gagnvart því samfélagi sem ég bý í er ekki lengur til staðar. Valdið er þarna og við þurfum ekki að biðja neinn um leyfi til að taka það. En það er mikilvægara en allt mikilvægt að fara vel með það og vanda sig.“



Deildu með umheiminum





Á hverjum degi snerta heimsforeldrar UNICEF líf barna um allan heim. Með mánaðarlegum framlögum gera þeir UNICEF kleift að bæta líf bágstaddra barna til frambúðar.

Má bjóða þér að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni með okkur?

Kynntu þér málið á www.unicef.is

unicef 